Kíktu í Kaldalón
Ferðir öll fimmtudagskvöld
Einnig dagsferðir í Vigur, Hornvík, Aðalvík og Hesteyri
www.vesturferdir.is - 456 5111
Vesturferðir

Mikið úrval af rúmum og rúmdýnum
HÚSGAGNALOFTIÐ

Afgreiðsla Landsbankans í Neista er opin fimmtudaga og föstudaga frá kl. 16-18
Sími 410 8119
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
Miðvikudagur 14. júlí 2004 · 28. tbl. · 21. árg.

Skóli án landa-mæra er framtíðin

– sjá viðtal í miðopnu við Karl Kristján Ásgeirsson matreiðslumeistara og nýútskrifaðan viðskiptafræðing

Góðir afmælistónleikar hjá Grafík

Hljómsveitin Grafík hélt tónleika á laugardagskvöld til þess að minnast þess að tuttugu ár eru liðin frá því að þriðja hljómplata sveitarinnar, „Get ég tekið séns“ kom út. Tónleikarnir voru haldnir í samvinnu hljómsveitarinnar og KFÍ en vegna mikillar aðsóknar þurfti að halda aukatónleika.

Að sögn Guðjóns Þorsteinssonar, formanns KFÍ, voru tónleikarnir mjög vel heppnaðir. „Það lögðust allir á eitt að gera þessa tónleika ógleymanlega“, sagði Guðjón. Að þessu sinni mönnuðu hljóðfærin þeir Rúnar Þórisson, Helgi Björnsson, Hjörtur Howser, Haraldur Þorsteinsson og Egill Rafnsson lék í stað föður síns, Rafns Jónssonar, sem lést á dögunum.

– hj@bb.is

Rúnar Þórisson og Helgi Björnsson á tónleikunum á laugardagskvöld.

SAMKAUP
Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21
SAMKAUP
...gæði og ferskleiki!
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM
Flytjandi
EIMSKIP

Þjónustuhús sett í Ósvör

Þjónustuhús var sett upp við sjóminjasafnið Ósvör við Bolungarvík undir lok síðustu viku. Grafið var fyrir undirstöðum þjónustuhússins sem er 10 fermetrar á stærð og það síðan flutt fullgert á staðinn. Húsið er til bráðabirgða og reiknað með að það muni verða í Ósvör næstu tvö til þrjú árin. „Það veitir ekki af þjónustuhúsi í Ósvör, og þótt fyrr hefði verið“, sagði Jóhann Birkir Helgason, bæjartæknifræðingur í Bolungarvík, en aðsókn að safninu hefur farið sívaxandi undanfarin ár.

Laxveiðin fer vel af stað

Um miðja síðustu viku höfðu 66 laxar komið á land úr Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi frá því að veiði hófst þann 12. júní, að sögn Sigurjóns Samúelssonar bónda á Hrafnabjörgum. Það er 12 löxum fleira en á sama tíma í fyrra og árið 2002 var 51 lax kominn á land á sama tíma. Hefur veiði því farið betur af stað í ánni en undanfarin ár. Í Langadalsá voru 12 laxar komnir á land í síðustu viku en enginn lax var kominn á land í Hvannadalsá.

Ásel á bauð lægst í þekju

Ásel ehf. á Ísafirði átti lægsta boð í þekju og lagnir á Ásgeirsbakka í Ísafjarðarhöfn en tilboð í verkið voru opnuð í síðustu viku. Ásel bauð tæpar 22,2 milljónir króna eða 89,9% af kostnaðaráætlun verkkaupa sem hljóðaði upp á rúmar 24,7 milljónir króna. Fjögur önnur tilboð bárust. Trésmiðjan ehf. í Hnífsdal bauð 22,9 milljónir, Elinn ehf. á Sauðárkróki bauð 24,3 milljónir, Vestfirskir verktakar ehf. á Ísafirði buðu 24,9 milljónir og Bræðratunga ehf. í Mosfellsbæ bauð 31,3 milljónir króna. Verkinu skal lokið eigi síðar en 20. október 2004.

70,6% með réttindi

Á skólaárinu 2003-2004 voru 70,6% kennara við Grunnskólann á Ísafirði kennaramenntaðir. Alls störfuðu 36 kennaramenntaðir starfsmenn við skólann og kenndu þeir um 72% kennslustunda. Leiðbeinendur voru 15 og kenndu um 28% af fjölda kennslustunda. Konur voru í meirihluta kennara eða 78% þeirra.

Radar settur upp á Flateyri til að mæla hraða snjóflóða

Ákveðið hefur verið að setja upp mælitæki til mælinga á hraða snjóflóða á varnargörðunum á Flateyri. Um er að ræða radar sem mælir hraða snjóflóða úr Skollahvilft með svipaðri tækni og lögreglan notar við hraðamælingar á bílum og verða sett upp tvö möstur fyrir radarloftnet á varnargarðinum undir Skollahvilft en stjórnbúnaður verður í aðveitustöð Orkubús Vestfjarða við Bót neðan garðanna. Að sögn Tómasar Jóhannessonar, jarðeðlisfræðings hjá Veðurstofunni, er stefnt að því að hefja framkvæmdir við verkið í vikunni.

Radarinn, sem er framleiddur af svissneska fyrirtækinu AlpuG, hefur þegar verið keyptur og var hann settur upp til prófunar á tilraunasvæði Norsku jarðtæknistofnunarinnar í Ryggfonn í Vestur-Noregi. Þar hafa niðurstöður úr honum verið bornar saman við niðurstöður ýmissa annarra mælitækja þegar snjóflóðum er komið af stað með sprengingum í rannsóknarskyni. Búnaðurinn verður síðan settur upp með haustinu.

Tómas segir radarinn kostaðan af Ofanflóðasjóði en hann er settur upp í tengslum við evrópska rannsóknarverkefnið Satsie sem er fjármagnað af Evrópuráðinu og Ofanflóðasjóði hér á landi. Helstu rannsóknarstofnanir á sviði snjóflóða í Evrópu taka þátt í verkefninu sem miðar að því að auka skilning á eðlisfræði snjóflóða með beinum mælingum á flóðum í náttúrulegum farvegum, eins og segir í tilkynningu frá Veðurstofunni.

„Á Flateyri eru einstæðar aðstæður til þess að rannsaka flæði snjóflóða sem falla á leiðigarða og þar hafa þegar fengist merkilegar mælingar á slíkum flóðum árin 1999 og 2000. Því var ákveðið að koma fyrir mælitækjum á Flateyri til þess að mæla hraða flóðanna en hraðinn er einna mikilvægasta stærðin sem ákvarðar hvernig leiðigarðar breyta stefnu snjóflóða sem á þá falla“, segir Tómas Jóhannesson, jarðeðlisfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Radarinn greinir sjálfvirkt þegar snjóflóð fellur úr Skollahvilft og mun gera starfsmönnum Veðurstofunnar á Ísafirði og í Reykjavík viðvart um leið og það gerist. Að sögn Tómasar er hann óháður veðri og vinnur jafnt í myrkri sem dagsbirtu en svipaðir radarar eru notaðir víða í Ölpunum til þess að vara við snjóflóðum sem falla á vegi og járnbrautarteina.

– kristinn@bb.is



Á myndinni sjást farvegir tveggja flóða sem féllu á varnargarðana á Flateyri árin 1999 og 2000 en að auki eru útlínur sjóflóðsins frá árinu 1995 sýndar. Mynd: Veðurstofan.

Þverun Mjóafjarðar í Ísafjarðardjúpi

Tilbúin í útboð um áramót

Fyrstu áfangar þverunar Mjóafjarðar verða tilbúnir í útboð um áramót og framkvæmdum gæti verið lokið síðla árs 2007. Það er þó háð vilja Alþingis til verksins. Kristján Kristjánsson, deildarstjóri áætlana hjá Vegagerðinni á Ísafirði, segir að nú þegar úrskurður umhverfisráðherra liggi fyrir hefjist undirbúningur verksins. Hann segir að miðað hafi verið við að framkvæmdir geti hafist að loknum framkvæmdum í Skötufirði og Hestfirði sem áætlað er að ljúki síðar á þessu ári. „Okkar vinna miðast við það að hægt verði að bjóða út fyrstu hluta verksins um næstu áramót“, segir Kristján.

Í samgönguáætlun fyrir árin 2003-2006 er ekki gert ráð fyrir framkvæmdunum en í samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014 er gert ráð fyrir þverun Mjóafjarðar um Hrútey. Um mögulegan framkvæmdatíma segir Kristján það háð fjárveitingavaldinu. Hann segir hinsvegar ekki óraunhæft að ætla að verkið taki tvö til þrjú ár og ef fyrsta útboð verði um næstu áramót mætti vel hugsa sér að verkinu yrði lokið haustið 2007 en ítrekar að það sé auðvitað háð ákvörðunum Alþingis.

Eins og fram hér í blaðinu í síðustu viku hefur umhverfisráðherra staðfest úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum þverunar Mjóafjarðar og vegalagningu tengda henni í Ísafjarðardjúpi, samtals um 28,3 kílómetra. Er þar meðal annars gert ráð fyrir 60 metra langri brú yfir Reykjafjörð, 9 metra langri brú yfir Vatnsfjarðarós og 100 metra langri brú yfir Hrútey jarsund.

– hj@bb.is

Sprengingar í miðbænum

Aðfararnótt laugardags kváðu við miklar sprengingar við Sjallann á Ísafirði.

„Þarna var einhver lítt hugsandi glanni á ferð, sem átt hefur eitthvað af flugeldum frá því um áramót og séð sig knúinn til að valda bæjarbúum ónæði með tiltæki sínu“, segir í dagbók.

Talsvert var um ölvun í heimahúsum á Ísafirði um helgina og þurfti lögreglan að hafa afskipti af slíkum málum fjórtán sinnum.

Sunneva Hafberg.

Skutulsfjörður

Beið bana í Kubbanum

Níu ára gömul stúlka beið bana á þriðjudag í síðustu viku eftir að hafa hrapað í fjallinu Kubba sem er í botni Skutulsfjarðar og skilur að Engidal og Dagverðardal.

Lögreglan á Ísafirði barst tilkynning í gegnum Neyðarlínuna kl. 14:41 og fór strax á staðinn og kallaði út sjúkralið. Þar sem lögreglumenn þekktu aðstæður í fjallinu, voru björgunarsveitir með fjallaklifrara ræstar út. Þyrla Landhelgisgæslunnar var einnig sett í viðbragðstöðu.

Klukkan 15:00 er lögreglan og læknir komu á vettvang var stúlkan úrskurðuð látin. Stúlkan hét Sunneva Hafberg, fædd 17. mars 1995, til heimilis að Reynimel 82 í Reykjavík. Foreldrar hennar eru Kristjana Nanna Jónsdóttir og Einar Hafberg.

– bb@bb.is

Rafn Jónsson jarðsunginn

Útför Rafns Jónssonar tónlistarmanns fór fram frá Ísafjarðarkirkju á fimmtudag í síðustu viku að viðstöddu fjölmenni. Séra Magnús Erlingsson sóknarprestur á Ísafirði jarðsöng.

Við athöfnina voru meðal annars leikin lög Rafns. Kammerkórinn á Ísafirði söng og einnig sungu Andrea Gylfadóttir og Helgi Björnsson. Undirleik önnuðust Hulda Bragadóttir, Haraldur Þorsteinsson, Hjörtur Howser, Jón Ólafsson og Rúnar Þórisson.

Rafn var lagður til hinstu hvílu í kirkjugarðinum á Réttarholti í Skutulsfirði.

Rafn Jónsson borinn til hinstu hvílu. Mynd: Spessi.

Hundum fer ört fjölgandi í Ísafjarðarbæ. Lausaganga hunda ekki þrátt fyrir bann

Bæta þarf umgengni hunda og hundaeigenda í sveitarfélaginu

Svo virðist sem það færist í vöxt að hundaeigendur þrífi ekki upp eftir að hundar þeirra hafa gert stykki sín á almannafæri á Ísafirði. Undanfarið hafa nokkrir lesendur blaðsins haft samband og kvartað undan að það færist í vöxt að hundaskítur sjáist á gangstéttum og opnum svæðum í bænum. Hundahald er bannað í Ísafjarðarbæ en bæjarstjórn veitir undanþágur til hundahalds með ákveðnum skilyrðum. Því eru hundar skráðir og fyrir þá skráningu er greitt skráningargjald þar sem innifalin er trygging og hundahreinsun. Lausaganga hunda er með öllu bönnuð.

Starfsmenn Áhaldahúss Ísafjarðarbæjar sjá um hundaeftirlit í bænum. Þorbjörn Jóhannesson, bæjarverkstjóri, segir það sína tilfinningu að hundum fari mjög fjölgandi í bænum og hluti þeirra sé án leyfa. Því miður sé það svo að ekki gangi allir hundaeigendur jafnvel um. Lausaganga hunda sé einnig ákveðið vandamál sem reynt sé eftir megni að taka á. Mest beri á slíkri lausagöngu í Hnífsdal. Þorbjörn segir þá reyna að fanga lausa hunda og eigendur þurfi síðan að nálgast þá.

Þorleifur Pálsson, bæjarritari, segir að fyrir skömmu hafi verið send áminningarbréf til þeirra sem talið er að haldi hunda án leyfis. Voru það á þriðja tug bréfa. Var þeim gefinn frestur til þess að koma málum sínum á hreint og í framhaldi af því verði strangar tekið á reglum.

Fyrir skömmu voru einnig samþykktar reglur sem banna kattahald í bænum. Á sama hátt og með hunda getur fólk fengið undanþágu frá reglunum og eru kettirnir þá skráðir. Að sögn Þorleifs hafa frekar fáir sótt um undanþágu og því séu margir kettir í bænum án leyfis. Því komi að því að aðgerðir hefjist til þess að framfylgja reglunum. „Það dregur að því að við grípum til aðgerða en það verður auglýst með góðum fyrirvara þannig að fólk hafi tíma til þess að koma sínum málum í lag.“

Hundaeigandi sem blaðið ræddi við sagði hundum hafa fjölgað mjög mikið á Ísafirði. Er þar um að ræða bæði mjög litla hunda og einnig hefur stórum hundum fjölgað mikið. „Allir hundar þurfa að gera stykkin sín og það er mjög einfalt og lítið mál að þrífa eftir þá ef fólk vill hafa hlutina í lagi. Það eru því miður mjög lítill minnihluti sem ekki sinnir þessum málum og þeir koma slæmu orði á alla hundaeigendur. Það er auðvitað algjörlega áþolandi að verða vitni að því þegar risastórir hundar gera stykkin sín á gangstéttum án þess að eigendur þeirra þrífi eftir þá“.

Hann sagði það einnig færast í vöxt að börn væru send út með stóra hunda í bandi án þess að ráða nokkuð við þá.

„Hundarnir draga þessi krakkagrey um allan bæ og þeir gera því stykkin sín án þess að krakkarnir geti stöðvað til þess að þrífa upp eftir þá. Hundaeigendur verða að taka sér tak og virða þær reglur sem gilda um hundahald og einnig verða þeir að bera þá virðingu fyrir sér, hundum sínum og samborgurum að þrífa eftir þá“. *– hj@bb.is*

Einingasumarbústaðir framleiddir á Ísafirði

Í einingahúsverksmiðju Ágústar og Flosa ehf. á Ísafirði er hafin framleiðsla á sumarbústöðum. Um er að ræða 70 fermetra bústaði sem eru afgreiddir nær fullbúnir frá verksmiðjunni og einungis eftir að setja þá niður á undirstöðurnar og leggja lagnir. Þannig útbúinn kostar bústaðurinn um 4,5 milljónir króna. Torfi Jóhannsson, hjá Ágústi og Flosa, segir einn helsta kost bústaðanna að hægt sé að flytja einingarnar hvert á land sem er og reisa á skömmum tíma. Um viku tekur að smíða hvern bústað og því er hægt að afgreiða þá á skömmum tíma meðan ekki er bið eftir framleiðslu verksmiðjunnar. Samið var um smíði fyrsta bústaðarins í síðustu viku við þau Sigurbjörn Karlsson og Steinunni Gunnarsdóttur á Ísafirði. Torfi segir mikinn áhuga á bústöðunum. Þeir hafi ekki verið kynntir sérstaklega ennþá en þeir hafi spurst út um bæinn og fjölmargar fyrirspurnir borist. Hann segir ráðgert að reisa fullbúinn bústað á áberandi stað í bænum til að kynna þá fyrir væntanlegum kaupendum.

– kristinn@bb.is

Steinunn Gunnarsdóttir, Sigurbjörn Karlsson og Torfi Jóhannsson, framan við verðandi sumarbústað. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Afrakstur Deildar 21.

Miðbær Ísafjarðar

Á sjötta þúsund sígarettustubba tíndir

Deild 21 í Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar, sem einbeitir sér að umhverfismálum, tíndi nýverið 5.283 sígarettustubba á einum degi, í miðbæ Ísafjarðar.

Að sögn Atla Garðarssonar, verkstjóra, var farið yfir svæðið frá hringtorginu niður Hafnarstræti og Aðalstræti að Edinborgarhúsinu og út í hliðargötur á leiðinni að einhverju leyti. Samkvæmt útreikningum Deildar 21 samsvara stubbarnir 264 sígarettupökkum eða liðlega 26 kartonum og var söluverðmæti tóbaksins um 130 þúsund krónur.

– kristinn@bb.is

Heilsubærinn Bolungarvík

Efnir til göngu á Kaldbak

Heilsubærinn Bolungarvík efnir til göngu á Kaldbak, hæsta fjall Vestfjarða, á laugardag. Fjallið liggur á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og verður lagt af stað frá Kirkjubólsdal, gengið upp í Kvennaskarð og loks upp á Kaldbak. Áætlað er að gangan taki tæpar 4 klukkustundir.

Leiðin fram Kirkjubólsdal er u.þ.b. 5 km og fær jeppum en ekki litlum fólksbílum. Rúta leggur af stað frá Bolungarvík kl. 9 og kostar ferðin kr. 1.500 en frítt er fyrir börn. Þátttakendum stendur einnig til boða að fara á eigin bílum og fá akstur með jeppa síðasta spölinn. Þátttakendur eru hvattir til að taka með sér nesti til að snæða á toppnum. Eftir gönguna verður hægt að fara í heitu pottana og synda í sundlauginni á Þingeyri. Farastjóri verður Þórir Örn Guðmundsson á Þingeyri.

Þátttakendur eru beðnir um að skrá sig til leiks í síma 456-7287 fyrir föstudag. Áhugasömum er bent á að hægt er að skoða leiðina á gönguleiðakorti um Vestfirsku alpana, eins og fjallendið er stundum nefnt, á heimasíðunni www.thingeyri.com. *– kristinn@bb.is*

Tjöruhúsið í Neðstakaupstað

Veitingarekstur hefst að nýju

Ragnheiður Halldórsdóttir hefur tekið að sér rekstur Tjöruhússins í Neðstakaupstað í sumar og opnaði húsið undir hennar stjórn á föstudag. Að sögn Ragnheiðar verða veitingar með þjóðlegu sniði í Tjöruhúsinu eins og áskilið er. „Við verðum súpu í hádeginu eins og verið hefur en auk þess er stefnan að bjóða tvo til þrjá fiskrétti að auki. Saltfiskréttir og plokkfiskur eiga eftir að sjást á matseðlinum og vonandi getum við einnig boðið hrefnukjöt.“

Opið verður frá kl. 11 að morgni alla daga og til 17 síðdegis. „Draumurinn er að hafa opið lengur en tíminn verður að leiða í ljós hvort af því verður“, segir Ragnheiður. Hún segist vera með ýmsar fleiri hugmyndir í pokahorninu sem hún ætli að prófa í Tjöruhúsinu með tímanum. Ragnheiður er enginn nýgræðingur í rekstri veitingastaða en hún rak Sjómannastofuna við Ísafjarðarhöfn um árabil.

Veitingasala hefur verið sumarvisst í Tjöruhúsinu síðustu ár og hafa ýmsir komið að rekstrinum. Starfsemin var auglýstur laus til umsóknar í vor en engin svaraði auglýsingunni svo veitingasalan hefst heldur seinna í ár en verið hefur. *– hj@bb.is*

Pétur Tryggvi og Hlynur Þór opna sýningu

Ísfirðingarnir Pétur Tryggvi Hjálmarsson gull- og silfursmiður og Hlynur Þór Magnússon skrifari opna sýningu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á sunnudag (18. júlí) kl. 17-19. Sýningin ber heitið Silfurljóð á Ísafirði og má þar líta verk þeirra félaga smíðuð úr orðum og málmi. Þeir vonast til að sjá sem allra flesta við þetta tækifæri. Sýningin verður síðan opin fram eftir mánuðinum en mun taka stöðugum breytingum frá degi til dags, jafnframt því sem ýmsir sérstakir viðburðir eiga sér stað öðru hverju. Þeir verða kynntir jafnóðum með þeim hætti sem henta þykir.

Tveir frá KFÍ til Belgrad

Tveir þjálfarar frá KFÍ, þeir Guðjón Þorsteinsson og Baldur Jónasson, fara í ágúst á þjálfaranámskeið sem körfuknattleikssamband Serbíu og Svartfjallalands heldur í Belgrad. Auk þeirra fara fjórir aðrir þjálfarar af Fróni á námskeiðið, þar á meðal Hrafn Kristjánsson fyrrverandi þjálfari KFÍ og núverandi þjálfari Þórs á Akureyri. Fyrirlesarar á námskeiðinu eru engir byrjendur í körfuboltafræðunum. Má þar nefna meðal annarra Larry Brown aðalþjálfari Detroit Pistons og bandaríska landsliðsins, Gregg Popovich aðalþjálfari San Antonio Spurs og aðstoðarþjálfara bandaríska landsliðsins.

Hlynur Þór meistari

Hlynur Þór Magnússon HSV sigraði í stafsetningu á landsmóti ungmennafélaganna sem haldið var á Sauðárkróki um helgina. Keppendur í stafsetningu voru 35 talsins. Keppnin var mjög jöfn og urðu tveir menn efstir og jafnir þeir Hlynur og Einar Sigmarsson HSK. Þurfti bráðabana til þess að knýja fram úrslit en aftur urðu þeir jafnir. Urðu þeir því tveir efstir og jafnir en langt er síðan keppni í stafsetningu hefur verið svo jöfn á landsmóti.

Ótrúlega gaman

Símadagar á Ísafirði

15.-17. júlí

Sumartilboð

Littlaupsútborgun
580 kr.
og 5.000 kr. á mán. í 12 mán.

Sony Ericsson T610

Verð alls:
14.980 kr.

Á **Símadögum á Ísafirði** verður ýmislegt á döfinni sem vert er að skoða nánar. Komdu við í versl. Símans á Ísafirði og kynntu þér frábær tilboð á Símadögum, fimmtudag og föstudag kl. 9-17 og laugardag kl. 10-14.

Golfmót

Síminn · Sony Ericsson · Garðaberg

Fimmtudaginn 15. júlí verður haldið glæsilegt golfmót á Hjallavellinum á Bakkagerði og hefst 9 holur í höggleik með og án forgjafar. Mótsgjald einungis fyrir 3 efstu sæti í hverjum flokki.

Littlaupsútborgun
780 kr.
og 000 kr. á mán. í 12 mán.

Sony Ericsson T230

Verð alls:
7.980 kr.

SAUPAUKI

Þú gætir valið um **hulstur** eða **upptökuhátalara** fyrir þá tegund síma sem hentar okkur.

Skemmtun

Kalli Bjarna tónlistarmaður kemur í verslun Símans fimmtudaginn 15. júlí kl. 15. Hann tekur nokkur lög og gefur eiginhandaráritanir. Komdu og hittstu upp á nýja skemmtilega eiginmann bæjarins í dag.



Kraftjrautir Símans

Síminn styrkir kraftjrautum í samstarfi við **Kraftlyftingafélag Akureyrar/Íþróttafélag fatlaðra**. Landsliðsmenn kraftlyftingamanna verða með í for frakkar elfjöf og skemmtun fyrir alla fjölskyldu laugardaginn 17. júlí milli klukkan 14-16.

Prálaust Internet
2.490 kr.

Stórlækkað verð

Fá upplýsingar hjá okkur



Sendu myndskilaboð
verðið 1,49 kr. sendt

Síminn

Hin árlega Sæluhelgi á Suðureyri er nú að baki og þótti takast vel. Að vanda var mikið um skemmtanir af ýmsu tagi. „Hátíðin tókst í alla staði eins vel og á var kosið og við fengum dýrindis veður alla dagana“, segir Ævar Einarsson, einn af forsprökkum félagsskaparins Mansavina sem skipuleggja Sæluhelgina. Helgin hófst á fimmtudag með frumsýningu Hallvarðar Súganda á N.Ö.R.D og tónleikum hljómsveitarinnar Appolo. Á laugardag voru fjallgöngur og fjölskylduhátíð og hin árlega mansakeppni sem ávallt setur svip sinn á hátíðina. Þá var keppt um Vestfjarðabikarinn í kappróðri í fyrsta sinn og fóru heimamenn með sigur bæði í kvenna- og karlaflokki. Um kvöldið voru síðan haldnir dansleikir þar sem hljómsveitin Bikkebane lék fyrir dansi. Á sunnudag var efnt til sæluhátíðar á „Kambinum“ við Þurrkver þar sem m.a. var boðið upp á markaðstorg og ýmis leiktæki fyrir börnin. Þá var keppt í fjölbreyttum greinum m.a. í kleinubakstri, húsmæðrafótbolta og söng. Að loknu hinu hefðbundna „sæluslútti“ héldu gestir og heimamenn annað hvort heim til sín eða á lokasýningu N.Ö.R.D. Fleiri myndir frá Sæluhelginni munu birtast í svipmyndum á bb.is í vikunni. – *thelma@bb.is*

Mansakeppnin er að margra mati hápunktur Sæluhelgarinnar. Ljósmynd: Páll Önundarson.

Súgfirðingar ánægðir með helgina

Hart var barist í húsmæðraboltanum og þurfti röggsaman dómara til að hafa stjórn á liðunum. Fyrir valinu í ár var Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður. Ljósmynd: Sigurjón J. Sigurðsson.

Gjarðaskoppið er sívinsælt á Sæluhelginni. Hér keppa þeir sr. Valdimar Hreiðarssonar, sóknarprestur og Guðni Á. Einarsson, framkvæmdastjóri. Ljósmynd: Páll Önundarson.

Ekkert var gefið eftir í húsmæðraboltanum og fengu nokkrar konurnar, högg og skrámur. Þessi liðsmaður aðkomuhúsmæðranna fékk boltann í andlitið og lá á vellinum á eftir. Þegar hún stóð upp á ný var hún nokkuð vönkuð. Ljósmynd: Sigurjón J. Sigurðsson.

Blysum brugðið á loft á lokakvöldinu. *Ljósmynd: Páll Önundarson.*

ritstjórnargrein

Allt öðruvísi landslag

„Fjölskyldan er orðin gagntekin af Vestfjörðum," voru orð Jóns Ágústssonar, sem kom að sunnan, en rekur ættir sínar hingað, nánar til tekið í Þvergötuna á Ísafirði. „Ég er úr Þykkvabænum og er að upplifa allt öðruvísi landslag hér inni á milli fjallanna en á flatlendinu þar," sagði fyrrum nemandi við Menntaskólann á Ísafirði, sem telur ekki eftir sér að leggja land undir fót til að komast í snertingu við einhverja fjölbreytilegustu og stórbrotnustu náttúru, sem Ísland hefur upp á að bjóða. Góð vísa er aldrei of oft kveðin. Eins er farið með ferðamannaperlu okkar Vestfirðinga, Hornstrandir, sem göngufúsum, aðkomunum ferðalöngum eru efst í huga þegar spurst er fyrir um gönguleiðir í óbyggðum. Ágæti Hornstranda, þar sem saman tvinnast tröllaukið landslag og ósnortin fegurð, verður aldrei orðum ofaukið.

Ísafjarðardjúp gengur ekki lengur undir nafninu Gullkistan, en svo var Djúpið nefnt vegna þess mikla sjávarfangs sem það hafði að geyma á árum áður. Fegurð þess er þó hin sama og þar er að finna gersemi, sem enginn ferðamaður ætti að láta hjá líða að heimsækja, en það er eyjan Vigur. Önnur eins gersemi, þar sem fyrri tíma yfirbragð fléttast nútímanum á einstakan og ógleymanlegan hátt, er vandfundin.

En Vestfirðingar hafa ekki bara upp á fjöll og firnindi að bjóða. Hér er ætíð líf og fjör á þessum árstíma, enda Vestfirðingum í blóð borið að gera sér dagamun. Svo má að orði komast að afar vel heppnuð Dýrafjarðarhelgi, þar sem meðal annars var boðið upp á gönguferð um söguslóðir Gísla Súrssonar, hafi opnað samkomuhald mánaðarins. Um síðustu helgi var svo vart þverfótað fyrir uppákomum: Sæluhelgin á Suðureyri, markaðsdagur í Bolungarvík, afmælishljómleikar Grafík og golfmót til minningar um Einar Val Kristjánsson, kennara og íþróttamann. Og svo kórónaði Magnús Ver helgina með því að hampa fimmta árið í röð, sæmdarheitinu Vestfjarðavíkingurinn.

Nokkrir Citroen-braggabílar í öllum regnbogans litum vöktu athygli hér um slóðir fyrir nokkru. Eigendur þeirra og sérlegir aðdáendur bílategundarinnar voru erlendir ferðalangar. Þeir voru afar ánægðir með dvöl sína á Vestfjörðum og aðspurðir sögðust þeir hafa verið vændir um ósannindi af ættingjum sínum heima fyrir þegar þeir létu af sér vita í blíðviðrinu á tjaldstæðinu í Tungudal. Land og kaupstaður með ís í nafninu byðu vart upp á veðurfar af því tagi, sem þeir lýstu.

Því er þessa getið að sömu viðbragða verður oft vart á meðal landa okkar, sem aldrei hafa ómakað sig til Vestfjarða. Þótt margt hafi verið vel gert er ljóst að við þurfum, hvert og eitt okkar, að vera miklu samhentari í að halda á lofti ágæti Vestfjarða. Bæði til heimsóknar og búsetu. Og nota til þess hvert tækifæri sem gefst.

s.h.

orðrétt af netinu

Lýðræðisleg vinnubrögð?

„Í vikunni bárust þær fréttir frá yfirstjórn borgarinnar að skrifstofustjóri borgarinnar hefði verið látinn setja saman minnisblað og dreifa því á fundi borgarráðs, þar sem hann áréttaði þær reglur borgarinnar að óheimilt væri að vitna til annars sem gerðist á fundum nefnda og ráða borgarinnar en þess sem bókað hefði verið sérstaklega í fundargerðir.

Umræðustjórnmálin lýðræðislegu heimila sem sagt ekki að borgarfulltrúar geti greint kjósendum frá nema hluta þess sem gerist á fundum ráða og nefnda borgarinnar. Aðeins þann hluta umræðna í nefndum og ráðum sem festur hefur verið á blað - og það er væntanlega mikill minnihluti umræðnanna - má færa í tal opinberlega. Ef aðrir en R-listinn ættu þarna hlut að máli er hætt við að einhverjir fjölmiðlar og álitsgjafar myndu sleppa sér yfir skorti á lýðræðislegum vinnubrögðum."

andriki.is

Útgefandi: H-prent ehf., Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Kristinn Hermannsson, sími 863 1623, *kristinn@bb.is* – Halldór Jónsson, sími 892 2132, *hj@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, *thelma@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Auglýsingar**: Steingrímur Rúnar Guðmundsson, sími 896 0035, *denni@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
ISSN 1670 - 021X

Grasrótarhreyfing ungs fólks á norðanverðum Vestfjörðum

Efnir til ráðstefnu um málefni Vestfjarða

Ráðstefnan „Með höfuðið hátt" verður sett í Hömrum, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar, annað kvöld, fimmtudagin 15. júlí kl. 20 og lýkur á laugardagskvöld 17. júlí. Fyrir ráðstefnunni stendur grasrótarhreyfing ungs fólks á norðanverðum Vestfjörðum og er viðfangsefni hennar menningar-, mennta- og atvinnumál í fjórðungnum. Auk hefðbundinna fyrirlestra verður efnt til ýmissa uppákoma, m.a. verður „fyrsta kennslustundin í Háskóla Vestfjarða" haldin á Silfurtorgi á Ísafirði. „Kennslustundinni er ætlað að ögra og fá fólk til að hugleiða hvort það vilji hafa verið með eða á móti þegar Háskóli Vestfjarða hefur kennslu og rannsóknir", segir í tilkynningu.

Flestir fyrirlestrarnir verða haldnir í Hömrum, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Fjölmargir séfræðingar og áhugamenn úr röðum heimamanna leggja umræðunni lið auk þess sem von er á góðum gestum. Þannig munu stjórnmálafræðingarnir Eiríkur Bergmann Einarsson og Úlfar Hauksson ræða um Vestfirði og Evrópusambandið, Runólfur Ágústsson rekor Viðkiptaháskólans á Bifröst mun ræða um sóknarfæri í menntamálum og Þórgnýr Breiðfjörð menningarfulltrúi Akureyrarbæjar mun fjalla um hvernig sé hægt að græða á menningu.

Í tengslum við ráðstefnuna er gefið út samnefnt blað um menningu ungs fólks á norðanverðum Vestfjörðum sem verður dreift í 5.000 eintökum á ýmsa opinbera staði, m.a. upplýsingamiðstöðvar og kaffihús. Verkefnið er styrkt af sveitarfélögunum á norðanverðum Vestfjörðum, ráðuneytum og fyrirtækjum á svæðinu.

„Þess ber að geta að aðstandendur ráðstefnunnar hafa hvarvetna mætt miklum velvilja og áhuga þar sem leitað hefur verið liðsinnis við undirbúninginn. Þannig leggja fjölmargir af mörkum til ráðstefnuhaldsins þó misjafnt sé af formi og magni. Síðast en ekki síst ber að þakka fyrirlesurunum stórmennskuna en þeir brugðust ljúfmannlega við þegar til þeirra var leitað og flytja erindi sín endurgjaldslaust", eins og segir í frétt frá unga fólkinu.

– thelma@bb.is

Sigurður Mar til Vegagerðarinnar

Sigurður Mar Óskarsson, tæknifræðingur og forstöðumaður umhverfissviðs Ísafjarðarbæjar, hefur verið ráðinn verkefnastjóri nýframkvæmda hjá Vegagerðinni á Ísafirði. Starfið felst í umsjón með ákveðnum framkvæmdum í nýbyggingum á norðvesturvæði Vegagerðarinnar.

Sigurður Mar segir ástæðu þess að hann skiptir um starfsvettvang þá að um að áhugavert starf sé að ræða. „Ég er búinn að vinna sextán ár hjá Ísafjarðarbæ og því kominn tími til þess að breyta til."

Sigurður Mar er annar forstöðumaðurinn sem hverfur frá störfum hjá Ísafjarðarbæ á stuttum tíma því Ingibjörg María Guðmundsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu, sagði upp störfum nýverið en dró uppsögn sína til baka og óskaði eftir ársleyfi frá störfum.

–hj@bb.is

Sigurður Mar Óskarsson í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði sem hefur verið vinnustaður hans á annan áratug.

Til sölu

Til sölu er raftækja- og gjafavörulager verslunarinnar Straums á Ísafirði, ásamt öllum innréttingum í versluninni.

Nánari upplýsingar eru veittar á Fasteignasölu Tryggva Guðmundssonar hdl., Hafnarstræti 1, Ísafirði, sími 456 3244, fax: 456 4547, netfang: eignir@tg.is

FJÖLNIR HF

Húsnæði óskast

Fiskvinnslan Fjölnir hf., óskar eftir að taka á leigu einbýlis- eða raðhús á Ísafirði sem fyrst. Fyrirframgreiðsla í boði.

Upplýsingar í síma 856 5741.

„Það kom söngfugl að sunnan..."

Söngskemmtanir borgfiskra Vestfirðinga í Félagsheimilinu á Þingeyri, föstudaginn 16. júlí kl. 21:00, í Víkurbæ í Bolungarvík laugardaginn 17. júlí kl. 16:00 og í Edinborgarhúsinu á Ísafirði laugardaginn 17. júlí kl. 21:00.

Snorri Hjálmarsson kynnir m.a. lög af nýjum diski sínum „Hljómi frá Aðalvík", og syngur ásamt Gunnari Erni Guðmundssyni við undirleik Viðars Guðmundssonar. Þá flytur Bjarni Guðmundsson lög við ljóð Guðmundar Inga Kristjánssonar, skáldbónda frá Kirkjubóli í Bjarnardal og fleiri.

Björn Davíðsson, þróunarstjóri tölvuþjónustunnar Snerpu á Ísafirði

Óttast að Landssíminn grípi til óvandaðra meðala í samkeppninni

Björn Davíðsson, þróunarstjóri tölvuþjónustunnar Snerpu á Ísafirði, segist óttast að Síminn grípi til óvandaðra meðala í samkeppninni um tölvupóstþjónustu við skip eða sjópóst, eins og hann er gjarnan nefndur. „Það er alveg rétt að okkur hefur fundist þetta. Hingað til höfum við ákveðið að leiða þetta hjá okkur og leyfa mönnum að reyna sig á markaðinum en þegar menn eru farnir að fara frjálslega með staðreyndir er maður tilneyddur til að gera athugasemdir“, segir Björn og vísar til ítarlegrar tilkynningar sem birtist á fréttavefnum skip.is þar sem hann gagnrýnir kynningu Símans á svokölluðum „Sjópósti“.

„Það sem við erum kannski helst smeykir við er að þeir grípi til einhverra bragða í markaðssetningunni í krafti stærðarinnar, t.d. að niðurgreiða símakostnaðinn til þeirra skipa sem eru að kaupa af þeim póstþjónustuna.“ Síminn hefur fleiri tekjuleiðir en Snerpa eða Radiomiðun, samstarfsfyrirtæki þeirra í tölvupóstþjónustu við skip, og því má spyrja hvort Björn óttist samkeppnina við Golíat sem á hlutfallslega minna undir afkomu þessarar þjónustu. Björn segist ekkert hafa athuga við samkeppni meðan hún er á jafnréttisgrundvelli og treystir á að Samkeppnisstofnun standi sig í stykkinu fari mótaðilinn að nota tekjur af annarri starfsemi til að borga hugsanlegt tap af þjónustunni eða markaðssetningu hennar.

Björn segist hins vegar ósáttur við að í kynningu Símans sé látið í það skína að „Sjópóstur Símans“ sé eina tæknilausnin sinnar tegundar sem boðin er hér á landi, nú síðast í þættinum Ísland í bítið á mánudagsmorgun, og jafnframt að um nýjung sé að ræða.

„Við gerðum engar athugasemdir í upphafi þegar málið var kynnt og héldum að þetta væri þekkingarleysi en síðan hafa þeir verið að færa sig upp á skaftið“, segir Björn. „Það sem skiptir máli er að sjómenn þekkja okkur vel. Okkar þjónusta er notuð víða í flotanum og hefur verið í virkri notkun frá árinu 2001 Reynsla af þeirra kerfi er hinsvegar einungis nokkrar vikur“, segir Björn en eins og bb.is greindi frá á sínum tíma var kerfið fyrst sett upp í ísfisktogaranum Páli Pálssyni ÍS þar sem það var til reynslu í eitt ár áður en það fór á almennan markað.

„Nú eru tugir skipa að nota INmobil kerfið okkar, bæði hér við ströndina og eins á fjarlægum slóðum, m.a. um borð í skipum sem Íslendingar gera út fyrir ströndum Máritaníu. Kerfið plumar sig vel og sífellt er verið að bæta við það, enda þekkjum við að menn fylgja framþróuninni vel eftir og gera sífellt meiri kröfur til búnaðarins. Við teljum að okkar þjónusta sé búin að sanna sig“ sagði Björn.

Að undanförnu hafa farið fram lífleg skoðanskipti milli Björns og Þórarins Friðjónssonar, verkefnisstjóra hjá Framtíðarsýn sem er samstarfsaðili Símans, um Sjópóst og sjávarfréttir á fréttavefnum www.skip.is.

– kristinn@bb.is

Hótel Edda á Ísafirði

Gengið þokkalega það sem af er

Í sumar er í fyrsta sinn rekið sumarhótel á heimavist Menntaskólans á Ísafirði undir merkjum Hótels Eddu. Um samstarfsverkefni Hótels Eddu og Hótels Ísafjarðar er að ræða en hið síðarnefnda hefur haft hótelrekstur á vistinni mörg undangengin sumur. „Það gekk þokkalega í júní og júlí mánuður lítur vel út og ekki spillir veðrið fyrir“, segir Áslaug Alfreðsdóttir, hótelstjóri á Hótel Ísafirði.

Í húsakynnum heimavistarinnar eru 42 gistiherbergi með gestamóttöku og veitingaaðstöðu. Að auki er tjaldstæði á lóð skólans og aðstaða til svefnpokagistingar í skólabyggingunni. Þá opnaði Hótel Edda á Núpi í þarsíðustu viku og býður upp á kaffihlaðborð á sunnudögum, eins og mörg fyrri sumur. Að sögn Áslaugar

fer ferðamannaþjónustan þar rólega af stað en gengur ágætlega.

Í ársbyrjun var stofnað nýtt félag, Kunningi ehf., í eigu Flugleiðahótela/Hótel Eddu og Hótels Ísafjarðar. Í febrúar samdi Kunningi um rekstur sumarhótels á heimavist MÍ og er samningurinn til sjö ára eða til 20. ágúst 2010.

– thelma@bb.is

25%

Útsala! · Útsala! · Útsala! · Útsala!
Útsala! · Útsala! · Útsala! · Útsala!
Útsala! · Útsala! · Útsala! · Útsala!

Útsalan
hefst mánudaginn
19. júlí af völdum vörum
Gerið góð kaup!

afsláttur af öllum vörum
dagana 15., 16. og 17. júlí.
Komið og gerið góð kaup!

LEGGUR OG SKEL
fataverslun barnanna
Austurvegi 2, Sími 456 4070

JÓN og GUNNA
Austurvegi 2, Ísafirði, sími 456 3464

Skóli án landamæra er f

– viðtal við Karl Kristján Ásgeirsson matreiðslumeistara og nýútskrifaðan viðskiptafræðing

Það þykja ekki lengur tíðindi þegar fólk lýkur námi hér á Íslandi. Menntunarþorsta landsmanna virðast engin takmörk sett. Þorstinn er slíkur, að fjárveitingavaldið hefur ekki við að útvega fjármagn til þess að standa undir rekstri menntakerfisins. Á dögunum bárust þær fréttir að árgangur sem hefur verið í uppvexti í sextán ár hefði komið stjórnvöldum í opna skjöldu. Gott ef menntamálaráðherra þurfti ekki að koma heim úr sumarfríi til þess að sannfæra þúsundir menntskælinga um að þeir fengju inni næsta vetur.

Á undanförnum árum hefur fjarnám rutt sér til rúms á landsbyggðinni. Það hefur opnað mikla möguleika fyrir fólk sem af einhverjum ástæðum vill auka við menntun sína. Fólk sem jafnvel er komið af léttasta skeiði getur nú skyndilega hafið háskólanám án þess að þurfa að taka sig upp og flytja langan veg til skólans. Nú koma skólarnir til fólksins. Símalína er allt sem þarf. Og viljastyrkur nemandans. Ungt fólk þarf nú ekki lengur að yfirgefa æskuslóðirnar. Mestu mótunarárin getur það nú dvalið heima við nám. Hefur þetta val sem áður var ekki fyrir hendi. Þrátt fyrir að sagt sé að heimskt sé heimaalið barn hljóta auknir möguleikar að auka getu ungs fólks til þess að mæta framtíðinni á þann hátt sem því er fyrir bestu.

Fyrir þremur árum ákvað Karl Kristján Ásgeirsson matreiðslumeistari á Ísafirði að auka við menntun sína og innritaðist í nám í Háskólanum á Akureyri. Nú nýverið lauk hann því námi með góðum vitnisburði. Samhliða námi stundaði hann sína vinnu og ræktaði sína fjölskyldu eins og áður. Í tilefni af þessum tímamótum þótti BB við hæfi að fá Karl til þess að segja frá.

– Hvað varð til þess að þú fórst í þetta nám?

„Það var einfaldlega vegna þess að mér fannst menntun mín ekki nægja mér til þeirra hluta sem ég var að fást við. Mér fannst ég þurfa að bæta þekkingu mína í viðskiptum, sem óneitanlega fylgir öllum rekstri. Ég lét starfsmenn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða vita af áhuga mínum. Síðar opnaðist þessi möguleiki og haft var samband við mig. Að afloknum kynningarfundi ákvað ég að slá til. Á þennan fund mættu yfir þrjátíu manns og á þriðja tug nema hóf þetta nám.“

Meistaraskólinn ekki nægilegur

– Hvað var þá langt síðan þú hafðir setið á skólabekk?

„Ég hafði ekki setið á skólabekk síðan ég tók Meistaraskólann. Ég var einn af þremur fyrstu matreiðslumönnunum sem fóru í þann skóla og luku því námi. Það var árið 1992. Í dag fá menn ekki meistararéttindi í iðngreinum nema að ljúka Meistaraskólanum. Áður þurfti þess ekki með.“

– Fannst þér nám við Meistaraskólann því ekki duga þér til þess að takast á við þann rekstur sem þú hefur verið með?

„Það var ágætur grunnur en ekki nægjanlegt að mínum mati. Því fór ég fljótlega að kíkja í kringum mig.“

– Nú er því ekki að leyna, að stundum litu iðnaðarmenn á bóknámið sem kvöð en ekki kannski algjöra nauðsyn. Varst þú kannski einn af þeim sem sinntu ekki því námi nægilega vel á þeim tíma? Má vera að hugarfar þitt til náms hafi breyst á seinni árum?

„Nei, það átti ekki við mig. Ég tók hinn bóklega hluta míns náms mjög alvarlega en fannst það einfaldlega ekki duga mér. Meistaraskólinn er í mesta lagi ígildi stúdentsprófs í ákveðnum greinum og það er bara ekki nægilegur bakgrunnur í dag, að mínu mati.“

– Gerðirðu þér grein fyrir því út í hvað þú værir að fara, þegar þú fórst í þetta nám núna? Hafðirðu einhverja hugmynd um það hvað þetta væri mikil vinna og hvaða breytingar námið kallaði á í daglegu lífi þínu með öðrum þeim verkefnum sem þú þurftir að sinna á sama tíma?

„Ég gerði mér grein fyrir því að þetta yrði mikil vinna. Ég var alveg klár á því. Ég vissi að þetta kallaði á ákveðnar breytingar á mínum högum, að ég þyrfti að skipuleggja mig mjög vel og ég yrði að gera það í góðu samkomulagi við fjölskylduna og mitt samstarfsfólk. Ég var strax á fyrsta degi ákveðinn að taka þetta föstum tökum og það hjálpaði mér mjög mikið.“

Gott skipulag nauðsynlegt

– Var ekkert erfitt að setjast á skólabekk að nýju eftir nokkurra ára hlé?

„Nei, ekki svo mjög. Hópurinn fór á námskeið í námstækni áður en námið hófst. Ég drakk í mig það sem þar kom fram um skipulagningu námsins. Ég ákvað að fara eftir því í einu og öllu og sú skipulagning varð lykillinn að því að mér tókst að klára þetta. Ég ákvað strax að skapa mér þá aðstöðu að geta lært alla virka daga frá kl. 8 að morgni og til hádegis. Þeirri reglu tókst mér að halda að mestu leyti. Ég sat því við námið aldrei minna en þennan tíma að vetrinum. Þess utan þurfti maður að mæta á fjarfundi sem voru á ýmsum tímum og flesta virka daga hittist hópur, sem ákvað að vinna saman í þessu námi, milli kl. 17 og 19 alla virka daga. Þar hjálpuðumst við að. Fólk hafði ólíkan bakgrunn, sumir góðir í stærðfræði, aðrir í aðferðafræði eða einhverju öðru eins og gengur. Þannig miðluðum við okkar á milli því sem við lærðum og unnum saman að verkefnum.“

– Nú er þetta ekki lítill tími sem í þetta hefur farið. Eitthvað hlýtur að hafa breyst hjá þér. Þú varst samhliða náminu í þínum rekstri. Námið hefur væntanlega haft einhver áhrif á daglegt mynstur þitt.

„Já, auðvitað gerðist það. Starfið er þess eðlis að það er auðvitað mest bindandi í kringum matartímana. Að því leytinu er þetta þægilegt. Hins vegar verður ekki framhjá því litið að ég er ákaflega heppinn með samstarfsfólk og svo er ég mjög vel giftur. Án hjálpar frá öllu þessu góða fólki hefði þetta sennilega ekki tekist á þessum tíma.“

– Nú lýkurðu náminu á stysta mögulega tíma. Varstu aldrei kominn að því að gefast upp?

„Nei, það kom aldrei upp í hugann. Ég er svo óþolinmóður og ákvað að taka þetta með trukki. Ég efast ekki um að það var rétt ákvörðun. Þessi hraði á náminu kom ekki niður á árangri mínum, þannig að það er besta sönnun þess að ég var á réttu róli.“

Menn eru misjafnir að upplagi

– Hafa áform þín breyst á þessum árum? Þegar þú hófst námið var það eins og þú sagðir ætlað til þess að bæta þekkingu þína á þeim rekstri sem þú stundar. Nú þegar þú hefur lokið námi, er þá hugurinn farinn að gæla við frekara nám og kannski önnur störf í framtíðinni?

„Nei, það hefur ekki gerst. Mitt hugarfar er það sama. Ég er einfaldlega betur í stakk búinn til þess að takast á við þau verkefni sem upp koma í rekstri okkar fyrirtækis. Annað hef ég ekki ætlað mér.“

– Nú er stór hluti atvinnulífsins hérlendis byggður upp á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Er skortur á menntun í okkar atvinnulífi?

– Það er ekki hægt að slá neinu föstu um það. Menn eru svo misjafnir að upplagi og síðan er svo misjafnt hvernig menn læra í lífsins skóla. Hins vegar getur aukin menntun aldrei spillt fyrir.“

– Komu oft upp í huga þinn í náminu dæmi þar sem þú sást að þú hefðir getað gert hlutina betur í þínum rekstri, ef þú hefðir haft til þess þá þekkingu sem námið nú hefur skilað þér?

„Já, maður lifandi, það kom oft fyrir. Það á sérstaklega við um áætlanagerð og stefnumótun. Ég held að menn megi aldrei vanmeta að lítil einstaklingsfyrirtæki verða líka að

ramtíðin

gera áætlanir og verða líka að móta stefnu sína til framtíðar. Það á auðvitað líka við um fjölskyldur og heimili. Sú ákvörðun mín að fara í námið var auðvitað stefnumótun út af fyrir sig. Stefnumótun virkar hins vegar ekki nema allir þeir sem í kringum þig eru viti af henni, þannig að allir geti keppt að sama markmiði."

– Nú hefur háskólaumræðan verið fyrirferðarmikil að undanförnu á Vestfjörðum. Sumir hafa sagt að sú umræða sé hálmstrá sem stjórnmálamenn hafi gripið. Mun aukið háskólanám hér á svæðinu breyta einhverju?

„Já, það er ekki nokkur vafi. Þetta fjarnám sem við höfum haft aðgang að gerir það að verkum, að fólk hefur ekki þurft að flytjast héðan til þess eins að stunda nám. Þekkingin verður áfram fyrir hendi hér. Það er auðvitað mikið framfaraskref. Hins vegar verður að segja, að hugarfar fólks og fyrirtækja verður að breytast hér á svæðinu. Fyrirtækin verða að hleypa þessu námsfólki að hjá sér. Að mínu mati hefur atvinnulífið ekki verið nægilega jákvætt í garð nemenda sem bankað hafa upp á til þess að vinna að ákveðnum verkefnum. Stjórnendur fyrirtækja hafa verið svolítið hræddir við að hleypa fólki inn í sín fyrirtæki."

Aukið traust atvinnulífisins nauðsynlegt

– Getur skipt máli að nálægðin sé of mikil? Eiga menn erfiðara með að treysta heimafólki fyrir trúnaðarupplýsingum heldur en ef utanbæjarfólk kemur úr skólum annars staðar á landinu?

„Já, það hefur því miður haft nokkur áhrif. Þetta á þó ekki við um öll fyrirtæki, sem betur fer. Hins vegar komu ekki upp nein vandamál í samskiptum nemenda og fyrirtækja þannig að ég vona að þetta hugarfar hverfi með tímanum."

– Varðandi fólkið sem hóf nám um líkt leyti og þú – hefði margt af því flutt af svæðinu til náms ef ekki hefði opnast þessi möguleiki á fjarnámi?

„Aðstæður þessa hóps voru mjög mismunandi. Sumir hefðu trúlega alls ekki farið í nám nema af því að þessi kostur var fyrir hendi. Aðrir hefðu hins vegar á endanum flutt héðan til þess að fara í nám og alls óvíst er að þeir hefðu komið aftur."

– Ein er sú rödd sem stundum heyrist, vegna þessa aukna háskólanáms hér á svæðinu, að hér þurfi að skapa atvinnutækifæri fyrir þetta háskólamenntaða fólk. Kröfur þess til starfa aukist með aukinni menntun. Við séum því að mennta frá okkur fólk. Verðum við ekki samhliða auknu námi að skapa aukin atvinnutækifæri háskólamenntaðs fólks? Er líklegt að fólk sem aukið hefur menntun sína snúi sér að hinum gamla veruleika?

„Ég trúi því ekki að fólk sé að leggja þetta fjarnám á sig til þess að flytja í burtu. Það væri miklu auðveldara að flytja þá strax og taka námið við skólann sjálfan í stað fjarnáms. Það er miklu léttara. Ég held að flest það fólk sem nú er í fjarnámi sé einfaldlega að tryggja betur stöðu sína hér. Tryggja sig betur í þeim störfum sem það sinnir í dag. Háskólamenntun er alls staðar að aukast og því finnst fólki það verða að auka menntun sína til þess eins að tryggja sína stöðu betur í þeim veruleika sem það býr við."

Aðbúnaður fjarnema til fyrirmyndar

– Hvernig fannst þér að ykkur búið fjarnemunum?

„Aðstæður okkar voru orðnar til mikillar fyrirmyndar. Þetta fór hægt af stað en nú er þetta mjög gott. Andrúmsloftið í Fræðslumiðstöðinni er mjög gott og í raun mjög heimilislegt. Starfsfólkið hefur verið mjög vakandi um okkar þarfir."

– Er ekki staðan sú að fjarnemar hér hafa í raun mun betri aðstöðu en samnemendur ykkar sem stunda nám í skólanum nyrðra?

„Ja, í sumu er það þannig. Aðstaðan er mjög góð og betri en nemendur almennt búa við. Hins vegar höfðum við ekki þessa nálægð við kennarana sem nemendur í skólanum hafa. Þannig vegur þetta kannski hvort á móti öðru. Starfsfólk og kennarar í þessum skóla er auðvitað misjafnt eins og í öllum öðrum skólum."

– Þið fjarnemarnir hafið ekki verið afgangsstærð í huga starfsmanna skólans?

„Nei, alls ekki. Það var litið á okkur sem hverja aðra nemendur. Við fórum einu sinni á önn norður í vinnu- og kennsluferðir og þar fengum við mjög góða þjónustu eins og aðrir nemendur. Í heild njóta fjarnemar í mínum huga sömu réttinda og aðrir nemendur."

– Þér finnst fjarnám eiga framtíðina fyrir sér hér vestra?

„Já, en hins vegar þarf þetta nám að fá fastari punkt hérna."

Skóli án landamæra

– Nú hefur skipulagið verið mjög til umræðu að undanförnu. Nefnd sem skipuð var til þess að fjalla um þessi mál skilaði þeim tillögum um dagnám, að stofnað verði fræðslusetur sem hýst verði í Þróunarsetrinu. Fyrir nokkru lagði Ólína Þorvarðardóttir skólameistari fram hugmyndir um að hafin verði kennsla á háskólastigi við Menntaskólann. Hefði það ekki orðið fljótvirkari og einfaldari leið? Að byggja á því sem fyrir er heldur en að eyða tíma í að fara að búa til enn eina stofnunina?

„Því er ekki að neita að ég var mjög hrifinn af þessari leið sem Ólína nefndi. Ég taldi hana einfalda og fljótlega til árangurs. Staðreyndin er sú, að tæknin til fjarkennslu gengur í báðar áttir. Við þurfum ekki aðeins að vera þiggjendur í því máli. Hér er til staðar mikil þekking á mörgum sviðum sem við getum miðlað til annarra. Nemar í Háskólastofnun hér geta þess vegna verið búsettir erlendis. Við verðum líka að hafa augun opin fyrir því að sækja námskeið erlendis frá. Tæknin gerir það að verkum að skólinn getur starfað án landamæra. Það eru óþrjótandi möguleikar í þessum efnum ef við erum bara reiðubúin að líta í kringum okkur. Það er fátt ómögulegt á þessu sviði."

– Stefnir hugurinn til frekara náms?

„Nei, nú er gott komið í bili. Nú ætla ég að nýta mér þetta nám í mínum störfum og vonandi skilar það auknum árangri þar. Hvað framtíðin ber í skauti sér er hins vegar ómögulegt að segja."

– Nú ert þú ekki fyrsti veitingamaðurinn sem fer í háskólanám samhliða rekstri. Halldór Gröndal sá er rak Naustið sællar minningar fór í guðfræðinám og varð seinna farsæll prestur. Þú ert ekki með neinar slíkar áætlanir?

„Nei, hjálpi mér! Þetta eru að vísu ekki ólík störf, preststarfið og matreiðslustarfið. Bæði gefa fólki góða lífsfyllingu. En ætli ég haldi mig ekki við matreiðsluna."

Þrátt fyrir að Karl ætli ekki að leggja fyrir sig guðfræðinám og ætli sér ekki að skipta um starf, þá hefur hann sýnt okkur hinum að það er aldrei of seint að auka þekkingu sína með aukinni skólagöngu. Lífsins skóli er ekki slæmur, en hvers vegna ættu allir að vera að finna upp hjólið? Það er langt síðan það var fundið upp.

– Halldór Jónsson.

Verðlaunahafar á mótinu. *Ljósmyndir: Grétar Sigurðsson.*

Minningarmótið í golfi um Einar Val Kristjánsson

Auðunn og Ólöf María sigruðu

Auðunn Einarsson (GK) og Ólöf María Jónsdóttir (GK) sigruðu á EVK mótinu í golfi sem haldið var á Tungudalsvelli á Ísafirði um helgina. Mótið er eitt stærsta mót sumarsins hjá Golfklúbbi Ísafjarðar og er haldið í minningu Einars Vals Kristjánssonar, föður Auðuns, sem var einn af forvígismönnum klúbbsins. Fimmtíu keppendur tóku þátt í mótinu sem stóð í tvo daga.

Í karlaflokki án forgjafar sigraði Auðunn eins og áður sagði, á 143 höggum. Annar varð Sigurður Fannar Grétarsson (GÍ) á 153 höggum og þriðji varð Bjarni Pétursson (GBO) á 157 höggum. Með forgjöf sigraði Gylfi Sigurðsson (GÍ) á 134 höggum, annar varð Grímur Lúðvíksson (GBO) á 135 höggum og Örnólfur Þórir Örnólfsson (GBO) varð þriðji á 140 höggum. Í kvennaflokki án forgjafar sigraði Ólöf María Jónsdóttir (GK) á 143 höggum. Önnur varð Anna Ragnheiður Grétarsdóttir (GÍ) á 177 höggum og þriðja varð Áslaug Sigurðardóttir (GKG) á 188 höggum. Með forgjöf sigraði Margrét Ólafsdóttir (GÍ) á 143 höggum, önnur varð Ólöf María á 143 höggum og Áslaug Sigurðardóttir varð þriðja á 144 höggum.

Ragna Björk Ólafsdóttir (GK) sigraði í unglingaflokki án forgjafar á 174 höggum, annar varð Högni Gunnar Pétursson (GÍ) á 182 höggum og þriðji varð Jón Ingi Grímsson (GBO) á 196 höggum. Með forgjöf sigraði Jón Ingi Grímsson á 148 höggum, önnur varð Ragna Björk á 150 höggum og þriðji varð Högni Gunnar á 182 höggum. Nándarverðlaun á 6/15. braut þann 10. júlí fékk Sigurður Fannar Grétarsson sem varð 2,7 metrum frá holu. Nándarverðlaun á 7/16. braut sama dag, fékk Rögnvaldur Magnússon (GBO) 1,98 m. Nándarverðlaun á 6/15. braut 11. júlí fékk Auðunn Einarsson, 1,07 m og nándarverðlaun á 7/16. braut sama dag fékk Rúnar Gíslason (GR), 0,64 m.

Styrktaraðilar mótsins voru tryggingarfélögin Tryggingamiðstöðin og Sjóvá Almennar ásamt fjölmörgum smærri styrktaraðilum.

– bb@bb.is

Sigurvegarar mótsins, Auðunn Einarsson og Ólöf María Jónsdóttir.

Púttvöllur eldri borgara tekinn í notkun

Á föstudag var tekinn í notkun við formlega athöfn nýr púttvöllur fyrir eldri borgara í Ísafjarðarbæ. Völlurinn er staðsettur við suðurhlið sjúkrahússins á Ísafirði. Félag eldri borgara stendur fyrir framtakinu en Golfklúbbur Ísafjarðar sá um framkvæmdina og Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ veitti góðfúslega leyfi til afnota af landinu. Jón Fanndal Þórðarson, formaður félags eldri borgara í Ísafjarðarbæ, færði stofnuninni sérstakar þakkir fyrir í ræðu sinni við opnun vallarins. Golfíþróttin þykir henta eldri borgurum vel og er vinsæl um allan heim. Um 300 manns eru félagar í Félagi eldri borgara í Ísafjarðarbæ.

– thelma@bb.is

Jón Fanndal Þórðarson fagnar hér góðri sveiflu.

Tryggvi Guðmundsson formaður GÍ leiðbeinir Grími Samúelssyni um listina að pútta.

Forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu

Átta vilja stöðuna

Átta sóttu um stöðu forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Staðan er veitt í eitt ár en Ingibjörg María Guðmundsdóttir, núverandi forstöðumaður, fer í ársleyfi.

Umsækjendurnir eru Skúli S. Ólafsson guðfræðingur á Ísafirði, María Björk Ingadóttir æskulýðs- og tómstundafulltrúi á Sauðárkróki, Páll Leó Jónsson skólastjóri á Selfossi, Kristinn Jakob Reimarsson, Kristrún Lind Birgisdóttir meistaranemi á Akureyri, Laufey Alda Sigvaldadóttir meistaranemi, Kristín Ólafsdóttir jafnréttisráðgjafi í Reykjavík og Helgi Jóhann Hauksson í Kópavogi.

Þá sóttu fjórir um stöðu grunnskólafulltrúa á Skóla- og fjölskylduskrifstofu sem nýverið var auglýst. Umsækjendurnir eru áðurnefnd Páll Leó Jónsson, Helgi Jóhann Hauksson og Laufey Alda Sigvaldadóttir, auk Skarphéðins Ólafssonar grunnskólakennara á Ísafirði.

– kristinn@bb.is

Göngustígurinn verður staðsettur hægra megin við trén á myndinni.

Lagning göngustíg meðfram Skutulsfjarðarbraut

Legu göngustígsins breytt

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ hafa ákveðið að breyta legu göngustígs sem leggja á samhliða Skutulsfjarðarbraut á Ísafirði neðan Sætúns. Verður hann lagður ofan við grenitrén sem þar eru. Í fréttum blaðsins í síðustu viku var sagt frá því að framkvæmdir væru að hefjast við lagningu göngustígsins og ættu grenitré sem gróðursett voru fyrir rúmum tuttugu árum að víkja. Garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar, Ásthildur Þórðardóttir, lýsti í fréttinni og í grein á bb.is yfir óánægju sinni með staðsetninguna.

Í kjölfar fréttarinnar fóru starfsmenn bæjarins yfir málin og var ákveðið að breyta legu stígsins. Þorleifur Pálsson, bæjarritari, sagði í samtali við blaðið að ákveðið hefði verið að færa göngustíginn um breidd sína upp fyrir grenitrén. Þó verði ekki hjá því komist að færa nokkur tré næst Stakkanesi. „Komi það hinsvegar í ljós í framtíðinni að nauðsynlegt verði að færa trén vegna snjósöfnunar verður notaður til þess kjörtími“, sagði Þorleifur.

Ásthildur Þórðardóttir, kvaðst mjög ánægð með niðurstöðu málins. „Það var afskaplega vel brugðist við og málinu bjargað og fyrir það ber að þakka.“ *– hj@bb.is*

Nýting hótela og gistiheimila á Vestfjörðum

Minnkar þrátt fyrir fjölgun ferðamanna

Á undanförnum árum hefur gestum og gistinóttum á hótelum fjölgað mjög á Vestfjörðum sem og landinu öllu. Vegna aukins framboðs af gistirými hefur nýting herbergja og rúma hins vegar minnkað á sama tíma. Á árinu 1998 var nýting herbergja á hótelum og gistiheimilum á Vestfjörðum 30.9% og nýting rúma 22,4%. Á landinu öllu var nýting herbergja á sama tíma 45,2% og rúma 35,8%. Á höfuðborgarsvæðinu var nýting herbergja 59,8% og rúma 47,8%.

Á síðasta ári hafði nýting herbergja á Vestfjörðum minnkað í 24,9% og rúma í 19,1%. Á landinu öllu hafði nýting herbergja minnkað í 42,3% en rúma í 35,3%. Á höfuðborgarsvæðinu var nýting herbergja í fyrra 56% en rúma 46%. Árið 1998 var nýting herbergja lægst á Vesturlandi 29,5% en nýting rúma lægst á Vestfjörðum. Í fyrra var nýting herbergja lægst á Vestfjörðum og herbergja einnig. Nýtingin var næst minnst á Vesturlandi, þar sem nýting herbergja var 28,1% en rúma 25,9%.

Ef litið er á sundurliðun ársins í fyrra kemur í ljós að hæst fer nýting herbergja á Vestfjörðum í 69,4% í júlí og 68,4% í ágúst. Lægst var nýtingin hins vegar í desember 3,7%.

– hj@bb.is

Fasteignasala
Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:

Góuholt 7: 167 m² fallegt einbýlishús úr timbri ásamt 43 m² bílskúr og grónum garði. **Verð 15,0 m.kr.**

Brautarholt 4: Steinsteypt 140 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 34 m² frágengnum bílskúr. **Verð 14,9 m.kr.**

Seljaland 9: 139 m² glæsilegt og vandað einbýlishús ásamt 42 m² bílskúr og 15,8 m² sólstofu. **Verð 16,7 m.kr.**

4-6 herbergja íbúðir:

Urðarvegur 45: 131 m² fjögurra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Skipti á svipað stórri eign koma til greina. **Verð 8,4 m.kr.**

Sundstræti 34: 140 m² nýleg fjögurra herbergja íbúð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. **Verð 11,2 m.kr.**

Mjallargata 1: 122,2 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju og 4. hæð í fjölbýlishúsi. Sér inngangur af svölum. **Verð 9,5 m.kr.**

Stórholt 7: 116 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 8 m.kr.**

Smiðjugata 7: 96,1 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 6,4 m.kr.**

Túngata 12: 99 m² íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr og garði. **Verð 7,9 m.kr.**

3ja herbergja íbúðir:

Túngata 3: Nýlega uppgerð 80 m² íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. **Verð 4,9 m.kr.**

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfflötur, mikið rými í risi) Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. Áhv. ca. 3,2 m.kr. **Verð 5,3 m.kr.**

Aðalstræti 17: 107 m² þriggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. **Verð 7,5 m.kr.**

2ja herbergja íbúðir:

Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 4 m.kr.**

Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 4,6 m.kr.**

Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast**

Atvinnuhúsnæði:

Arnagata 3: 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnarsvæði. Stórt og rúmgott smiðaverkstæði með skrifstofuaðstöðu. **Tilboð óskast**

Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Nýtt atvinnuhúsnæði, vel búið og í góðu standi. **Verð 25 m.kr.**

Suðurtangi 2: 210 m² trésmíðaverkstæði á einni hæð ásamt geymslulofti. **Verð 4,5 m.kr.**

Bolungarvík:

Vitastígur 8: 99,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum, allt nýuppgert. **Verð 8,5 m.kr.**

Hjallastræti 38: 113,9 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 59,2 m² bílskúr. **Verð 6,5 m.kr.**

Stigahlíð 4: 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. **Tilboð óskast**

Traðarstígur 7: 108,1 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 36,2 m² bílskúr og 16 m² garðskála. **Tilboð óskast**

Þingeyri:

Aðalstræti 1: 80,4 m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 3 m.kr.**

Sumarbústaðir:

Sumarbústaður til flutnings: 46,4m² sumarhús sem hægt er að flytja, staðsettur í Mjóafirði, 3 herbergi, stofa, eldhús og svefnloft. **Tilboð óskast.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Líf og fjör á markaðsdegi í Bolungarvík

Hinn árlegi markaðsdagur í Bolungarvík var haldinn í glampandi sólskini á laugardag og heppnaðist vel að sögn aðstandenda. „Markmiðinu var náð sem var að styrkja markaðsdaginn og verða skrefinu nær því að gera hann að stórviðburði í framtíðinni. Styrktaraðilar eiga fullt lof skilið fyrir hve vel dagurinn heppnaðist en þeir voru mjög örlátir og fólk hvarvetna tilbúið til að leggja hönd á plóg“, segir Þórður Vagnsson skipuleggjandi. Auk söluborða með fjölbreyttum varningi var boðið upp á glæsileg skemmtiatriði. Ragnar Bjarnason, Birgitta Haukdal og Ómar Ragnarsson tóku lagið við hrifningu jafnt ungra sem aldna auk heimamanna sem stigu á stokk. Einnig voru ýmis leiktæki vinsæl hjá yngri kynslóðinni m.a. hoppikastalar og trampólín. Sigurvegari sultukeppninnar, sem er árlegur fylgifiskur dagsins, var Ylfa Mist Helgadóttir. „Það ættu allir að leggjast á eitt til að hafa sem fjölbreyttasta viðburði á Vestfjörðum og þó Sæluhelgin sé á sama tíma á Suðureyri ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og jafnvel skellt sér á báða viðburðina“, segir Þórður. Samkvæmt upplýsingum blaðsins var um 800 manns á markaðssvæðinu bak við sundlaugina þegar mest var en að sögn Þórðar náði fjöldinn yfir þúsund manns á öllu svæðinu þegar mest var. Fleiri myndir munu birtast í svipmyndum á bb.is í vikunni. – *thelma@bb.is*

Raggi Bjarna klikkaði ekki frekar en venjulega. Vel var tekið undir með dægurlagakónginum.

Hinn aldni harmonikkusnillingur Jónatan Sveinbjörnsson áritaði nýútkominn geisladisk sinn og naut aðstoðar Birnu Pálsdóttur við söluna.

Sólveig Sigurðardóttir, umboðsmaður BB í Bolungarvík gaf sér tíma frá skemmtuninni til að gefa nýfæddu barni sínu að drekka.

Unga fólkið beið spennt eftir Birgittu Haukdal og lét síðan ekki sitt eftir liggja í söngnum.

Hljómsveitin Waldorf tón nokkra þétta rokkslagara fyrir gesti markaðsdagsins.

Gistinóttum fjölgar mikið á Vestfjörðum

Meðal dvalarlengd ferðalanga lengist

Gistinóttum hefur fjölgað mikið á Vestfjörðum á undanförnum árum ef marka má tölur frá Hagstofu Íslands. Þá hefur meðaldvalarlengd gesta á Vestfjörðum verið að lengjast á sama tíma. Á árinu 1998 voru gistinætur á öllum tegundum gististaða á Vestfjörðum 39.565 talsins. Árin á eftir fjölgaði nóttum nokkuð og á árinu 2001 voru þær 60.224. Árið 2002 verður töluverður samdráttur því þá voru gistinætur samtals 54.517 en í fyrra varð mikil aukning og voru gistinætur samtals 67.362 talsins. Er aukningin frá árinu 1998 því rúm 70%. Á sama tíma hefur gistinóttum á landinu öllu fjölgað um tæp 29%.

Af einstökum tegundum gististaða má nefna að í heimagistingu voru gistinætur á síðasta ári 5.230 talsins og hafði fækkað úr 7.970 frá árinu 1998 eða um 34%. Á sama tíma hefur gistinóttum á landinu öllu fækkað um rúm 10%. Á tjaldsvæðum á Vestfjörðum voru gistinætur í fyrra 22.614 en voru 5.577 árið 1998. Ef marka má þessar tölur hefur því orðið algjör sprenging í tjaldgistingum. Nemur aukningin rúmum 300%. Aukningin á landinu öllu á sama tíma er tæp 35%.

Á svefnpokagististöðum voru skráðar 2.021 gistinótt í fyrra og hafði fjöldi þeirra því nær tvöfaldast frá árinu 1998 þegar þær voru 1.074. Á sama tíma hefur aukningin á landinu öllu verið rúm 44%. Á hótelum og gistiheimilum á Vestfjörðum voru skráðar 31.265 gistinætur í fyrra en þær voru 24.209 árið 1998. Aukningin er því rúm 29%.

Samkvæmt tölum Hagstofu hefur meðaldvalartími gesta sem sækja Vestfirði verið að lengjast á undanförnum árum. Árið 1998 dvaldi hver gestur hér 1,4 daga en árið 2003 hafði þessi tala hækkað í 1,6. Samkvæmt þessu heimsóttu Vestfirði 43.126 gestir í fyrra.

– *hj@bb.is*

Flestir þeirra ferðamanna sem sækja Vestfirði heim koma staldra við Dynjanda í Arnarfirði.

Smáauglýsingar

Til sölu er lítið notað Gizmo vélhjól, 50cc. Uppl. í símum 456 3381 eða 690 0725.

Til sölu er fjögurra ára Whirlpool þvottavél og ísskápur (140x49). Einnig er til sölu Opel Astra árg. 1996, ekinn 120 þús. km. Góður afsláttur. Uppl. gefur Kalli í síma 860 7446.

Til sölu er lítið notað Viking fellihýsi, árg. 1998. Upplýsingar í símum 456 3381, 690 0725 og 893 0237.

Hlíðarvegspúkar! Hið árlega Hlíðarvegspúkagrill verður haldið laugardaginn 7. ágúst. Allir nýir og gamlir Hlíðarvegspúkar eru hjartanlega velkomnir.

Til sölu er rúmgóður, 2ja ára, tjaldvagn ásamt stóru fortjaldi. Svefnpláss fyrir fjóra fullorðna. Uppl. í símum 456 4338 eða 456 4174.

Kvennahlaupsbolirnir eru komnir. Uppl. í síma 691 4546.

Til leigu eða sölu er lítið einbýlishús í Hnífsdal. Upplýsingar í síma 825 7084.

Til sölu er Trek 21, gíra barnahjól og Wheeler karlmannshjól, 21 gíra. Uppl. í síma 456 3076.

Til sölu er Mercedes Benz árg. 94, ekinn 22 þús. km. Uppl. í síma 456 3041 og 690 2202.

Fólk sem er með hunda sem þarf að klippa! Er að reyna að safna saman hundaeigendum til að taka höndum saman um að fá hundasnyrti í bæinn. Hafið samband við Dagný Þrastar s. 456 3041.

Bláa hlaupablússan mín hvarf af bekknum við Sundhöllina á Ísafirði. Vinsamlegast skilið henni til Rósu í Gamla bakaríinu.

Til sölu er hvít Siemens eldavél með keramikhelluborði ásamt blástursofni og viftu á 45 þús. kr. Uppl. í síma 822 8442.

Til sölu er daxara-kerra, 127 cm á lengd. Uppl. í síma 862 4773.

Til sölu er gæðarúm frá RB, að stærinni 105x200. Kostar nýtt 48 þús. kr. Tilboð óskast. Uppl. í síma 846 7487 eða 863 1612.

Ungt par óskar eftir ódýrri íbúð til leigu í Bolungarvík. Einnig er leitað að ýmsu í búið. Uppl. í síma 456 7137 eftir kl. 17.

Óskað er eftir stelpu, 13 ára eða eldri, til að líta eftir tveimur strákum, 4 og 6 ára frá kl. 12:30 til 16:00. Upplýsingar í símum 820 8284 eða 849 8699.

Reglusamt og reyklaust par óskar eftir 1-2 herbergja íbúð til leigu á Ísafirði frá og með 1. september. Uppl. gefa Harpa og Hlynur í síma 846 7487 og 863 1612.

Til sölu er Toyota Corolla árg. 1998. Upplýsingar í síma 867 6046.

Fyrirliði hópsins er hin danska Karen Valeur.

Öll lífsins þægindi.

Fjölþjóðlegur hópur á ellefu Citroën „bröggum“ heimsækir Vestfirði

Nítján ferðalangar frá sjö þjóðlöndum komu akandi til Ísafjarðar á fimmtudagskvöld á tíu gömlum og góðum Citroën „bröggum“, eins og þeir eru yfirleitt kallaðir hérlendis. Sá ellefti bættist í hópinn daginn eftir en hann dróst aftur úr hópnum vegna vélarbilunar. Að auki var með í leiðangrinum Mercedes Benz trukkur sem lestar það sem ekki kemst í braggana. Hópurinn er á Íslandi í annað sinn en árið 1997 var tekinn hringur um landið en Vestfjörðum sleppt í það skiptið.

Ferðalangarnir hugðust verja fjórum dögum á Vestfjörðum. Ætlunin var að skoða sig um í nágrenni Ísafjarðar en síðan var haldið vestur yfir heiðar og loks farið með Baldri yfir Breiðafjörð. Fyrir hópnum fer hin danska Karen Valeur sem dvaldi á Íslandi á yngri árum og átti því ekki í neinum vandræðum með að skilja norrænuna, eins og sumir nefna tungumálasamsuðuna sem margir Íslendingar nota til að eiga samskipti við Norðurlandabúa og blaðamaður tefldi fram. Karen segir Vestfirðina hafa tekið afskaplega vel á móti hópnum með blíðuveðri og menn séu upprifnir yfir því sem fyrir augu ber.

Phil hristi „braggann“ og skók til að sýna fram á yfirburði fjöðrunarinnar.

Í hópnum voru Citroën unnendur frá Danmörku, Noregi, Finnlandi, Þýskalandi, Belgíu, Englandi og Ástralíu. Margir hafi farið víða á bílum sínum en þeir eigi vel við hvort sem er í miklum kulda á norrænum slóðum eða í hitabeltinu. Phil frá Englandi er hvað ákafastur Citroën unnandanna en hann hefur ásamt ástralskri konu sinni ekið um Ástralíu og þaðan til Hollands þó reyndar hafi bíllinn verið fluttur með skipi milli Ástralíu og Singapúr og þaðan til Indlands. Í febrúar tók hann svo þátt í árlegri ferð finnska Citroën klúbbsins norður Skandinavíu.

Hann ekur um á forláta „sendibragga“ sem að útlitinu að dæma er notaður í margt fleira en sunnudagsbíltúrinn. Það er tímanna tákn að meðan Phil gaf sér tíma til að útskýra undur „bragganna“ lá konan undir bílnum og sinnti viðhaldi. Phil segir aðalsmerki „bragganna“ vera góða fjöðrun og því eigi þeir hvergi betur við en á vestfirskum vegum. Í sömu andrá stökk hann á næsta bíl og sýndi blaðamanni fram á frábæra fjöðrunareiginleika

Sú ástralska lá í viðgerðum undir „sendibragganum“ hans Phil sem hefur verið ekið frá Indlandi til Hollands.

með því að hrista hann og skekja. Það eina sem bílarnir eigi erfitt með að standast í íslenskum aðstæðum sé þegar þurfi að fara yfir ár og þá komi Benz trukkurinn í góðar þarfir til að draga þá yfir.

Aðspurður um viðgerðir og varahluti fyrir bílana, sem var hætt að framleiða fyrir fimmtán árum, segir hann það lítið mál. Einskonar varahlutasamlög starfi á vegum Citroën áhugamanna um allan heim, bíllinn sé einfaldur og marga hluti sé einfalt að láta laga í góðri smiðju. Aðspurður um veruna í Tungudal segir hann „geggjað“ veðrið hafa komið þeim mest á óvart. „Fólk reyndi að telja okkur af því að fara til Íslands og sagði það kalt og andstyggilegt en ætli maður verði ekki að segjast hafa verið að Spáni svo fólk trúi manni“, sagði hinn enski Phil.

– kristinn@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Ökuhraði og bættar samgöngur

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Aðalferðatími Íslendinga og útlendra gesta okkar, svokallaðra ferðamanna, er hafinn. Allir eru úti að aka í einum eða öðrum skilningi. Þjóðvegirnir anna vart eftirspurn gagnstætt pólitikusum, þar sem framboðið af þeim og verkum þeirra er meira en eftirspurnin um þessar mundir og gildir það um þá alla, þingmenn jafnt og bæjarfulltrúa og forsetann, sem hefur stillt sér upp fremstur í flokki, líkt gæsin sem stýrir oddafluginu. Hans vegna og allra hinna tekst það vonandi betur en að brotlent verði. En því miður er víðar brotlent en í heimi stjórnmálanna. Þjóðvegirnir minna oft meira á vígvelli en siðmenntaða leið til að ferðast um Ísland. Öllum liggur á með skelfilegum afleiðingum. Banaslys í umferðinni verða ekki tekin aftur fremur en slys er hafa í för með sér alvarlegt og varanlegt líkamstjón. Sama gildir um eignatjónið, en eignir eru yfirleitt þess eðlis að tjónið verður að mestu bætt með nýjum, en mannslíf og varanlegt líkamstjón verða ekki bætt.

Flestum ber saman um það að einn einstakur þáttur og sá er hefur mestu áhrifin á það hversu alvarlegar afleiðingar umferðarslysa verða, sé ökuhraðinn. Allir hafa lært að haga skuli akstri og þar með talið hraða ökutækis í samræmi við aðstæður en samt gleymist það greinilega of oft og ökumenn blóta lögregluni fyrir afksiptasemi fremur en að líta í eigin barm, hugsa um velferð sína og annarra í umferðinni og spara sér krónurnar fyrir hraðaksturinn. Sektirnar eru lítið mál og létt miðað við tjón á líkama og eignum, að ekki sé talað um mannslíf. En við mannfólkið finnum okkur eilíflega aðra blóraböggla en okkur sjálf. Við kennum vegum um, einbreiðum brúm og öðrum ökumönnum, er falla oft í þann flokk að vera fremur sökudólgar en dauðir hlutir og mannvirki. Vissulega skiptir mjög miklu að umferðarmannvirki séu góð og vel hönnuð, en ábyrgðin er alltaf ökumannsins. Hann á að hafa þekkingu og vit til þess að meta aðstæður og þekkja ábyrgð sína gagnvart samferðamönnum sínum. En hvað hefur brugðist? Vissulega hefur mörgu farið fram í ökukennslu, bílar eru betri og vegir líka, en samt verða alvarleg slys í hverjum mánuði og látnir í umferðinni eru orðnir vel á annan tuginn þegar þessi orð eru rituð og þó er meiri partur ferðasumarsins eftir, þar á meðal ein stærsta helgin, verslunarmannahelgin. Lögregla um land allt hefur enn einu sinn tekið á og beitir sér af fullum þunga til að halda niðri ökuhraða og ná fram kurteisi og mannasiðum í umferðinni. Þrátt fyrir allt byggir árangur í umferðinni á sömu sjónarmiðum og annars staðar í mannlífinu, sem er umburðarlyndi og tillitssemi, kurteisi og nærgætni gagnvart öðrum og sjálfum sér. Hver vill vakna upp eftir helgarferðina og það sem átti að verða skemmtun og lifa með þá vissu alla æfina að hafa orðið samborgara sínum að bana eða örkumlað annan með gálausum akstri og augnbliks ógætni? Akstur er dauðans alvara og mistök verða ekki aftur tekin.

Góðir vegir bæta vissulega, en munið að nota bílbeltin, halda ökuhraða í skefjum og nota góða skapið fremur en að keppa við aðra í umferðinni. Í mikilli og þungri umferð er þörf þolinmæði og brýnt að rifja upp það sem kennt var þegar lært var á bíl. Því verki lýkur aldrei, að læra á bíl. Það er þrotlaus iðja dag hvern sem ekið er og enginn verður fullnuma. Akið aldrei eftir neyslu áfengis. Ef ofangreint er haft í huga bætum við samgöngur á landi.

Tilboðin gilda frá fimmtudegi 15. júlí til sunnudags 18. júlí eða meðan birgðir endast
Lokkandi og ljúft!
FERSKAR ALI SVÍNALUNDIR
ALI SVÍNALUNDIR
979 kr.
30% afsláttur
FERSKUR ALI SVÍNABÓGUR
399 kr.
Pörusteik
20% afsláttur
LÉTTREYKTAR EÐA KRYDDAÐAR ALI SVÍNAKÓTELETTUR
979 Ali
TVÖFALDUR PAKKI AF ALI BEIKONI
897 Ali
40% afsláttur
1049
30% afsláttur
503
-og þetta líka!
ALI VÍNARPYLSUR
ÓDÝRA LAMBASALTKJÖTIÐ FRÁ KJARNAFÆÐI
237 kr.
50% afsláttur
REYKT OG SALTAÐ FOLALDAKJÖT FRÁ KJARNAFÆÐI
EKKERT BRUÐL
359 kr.
40% afsláttur
KJARNAFÆÐI
Nýtt kortatímabil
TILBOÐIN GILDA EINGÖNGU Í KÖNUS LJÓNDU
BÓNUS

Rokkað á heimavelli í Neðstakaupstað

Hávær rokkgnýr ómaði milli húsa í Neðstakaupstað á Ísfirði á föstudagskvöld þegar hljómsveitin Reykjavík! lék í Tjöruhúsinu í tilefni opnunnar veitingasölunnar þar. E.t.v. þykir mörgum aldagamalt hús sem tilheyrir Byggðasafni Vestfjarða óvanalegur vettvangur fyrir rokktónleika en tónleikagestir voru hæstánægðir með aðstæðurnar og höfðu m.a. á orði að einstaklega skemmtilegur hljómur væri í Tjöruhúsinu sem er byggt úr voldugum viðarbjálkum. Því er ekki ólíklegt að hróður þessa nýuppgvötaða vettvangs rokksins á Ísafirði eigi eftir að spyrjast út og fleiri muni sækjast eftir að spila þar. Þegar Reykjavík! hafði lokið sér af steig trúbadorinn Skúli Þórðarson á svið og róaði mannskapinn niður með íhugulum ljóðum sínum. Blíðuveður var á föstudagskvöld og nutu margir þess að standa utandyra á spjalli með óminn af rokkinu í bakgrunni. Þrátt fyrir nafnið er hljómsveitin skipuð Ísfirðingum að þremur fimmtu hlutum, sem reyndar eru búsettir í Reykjavík, en það eru þeir Guðmundur Birgir Halldórsson Hermannssonar, Kristján Freyr Halldórsson Helgasonar og Haukur Sigurbjörn Magnússon Haukssonar.
– *kristinn@bb.is*

Hljómsveitin Reykjavík bregður á leik fyrir ljósmyndara í Neðstakaupstað. Haukur Sigurbjörn, Guðmundur Birgir, Árni, Kristján Freyr og Bóas.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag:
Austlæg átt, 10-15 m/s syðst, en annars mun hægari. Skúrir á sunnan- og norðvestanlands, en annars skýjað með köflum og þurrt að kalla. Hiti 10-18 stig,.

Horfur á föstudag:
Norðan- og norðaustanátt. Vætusamt norðaustantil, bjartviðri suðvestanlands, en annars skýjað með köflum og þurrt að kalla. Kólnar lítið eitt.

Horfur á laugardag og sunnudag:
Norðan og norðvestanátt. Vætusamt norðaustantil, bjartviðri suðvestanlands, en annars skýjað með köflum og þurrt að kalla. Kólnar lítið eitt.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja:
Messa á sunnudagskvöld, 18. júlí kl. 20:30. Kór Ísafjarðarkirkju syngur.

Spurningin

Ertu sátt(ur) við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hætta við þjóðaratkvæðagreiðslu um fjölmiðlalögin?

Alls svöruðu 794.
Já sögðu 156 eða 20%
Nei sögðu 610 eða 77%
Hlutlausir voru 28 eða 3%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Ellefu kraftajötnar kepptu um titilinn Vestfjarðavíkingurinn 2004.

Magnús Ver Vestfjarðavíkingur fimmta árið í röð

Magnús Ver Magnússon sigraði með yfirburðum í Vestfjarðavíkingnum fimmta árið í röð og hampar titlinum í áttunda sinn. Hin árlega keppni aflraunamannanna, sem hófst á fimmtudag, fór fram í tólfta sinn, víðs vegar um Vestfirði og lauk á laugardag. Fjölmenni mætti á keppnisstaðina til að fylgjast með átökum kraftakarlana í blíðuveðri. Þegar ein keppnisgrein var eftir var ljóst að Magnús Ver hefði tryggt sér sigurinn með 85 stigum. Í öðru sæti varð Benedikt Magnússon með 71 stig og Jón Valgeir Williams varð þriðji með 70 stig.
– *thelma@bb.is*

Jón Valgeir Williams tekur vel á en hann hafnaði í þriðja sæti.

Nýjar íbúðir til sölu

Til eru átta nýjar og glæsilegar séríbúðir við Skógarbraut 2 og Skógarbraut 2a, Ísafirði (áður Bræðratunga). Húsin standa í fögru umhverfi, rétt við golfvöllinn í Tungudal, í ósnortinni náttúru. Meðfylgjandi stór eignarlóð og góð bílastæði.

Minnsta íbúðin er 94,6m² og sú stærsta 148,2m². Íbúðunum fylgir mikil og glæsileg sameign. Verið er að innrétta íbúðirnar, sem verða afhentar fullfrágengnar í nóvember nk.

Verð er á bilinu 9,5 milljónir til 14,8 milljónir króna. Ný og hagstæð lán frá Íbúðalánasjóði fylgja með. Útborgun við samning er 1 milljón. Eftirstöðvar greiðast við ahendingu. Þeir sem fyrstir ákveða kaup geta valið sér sína óskaíbúð.

Teikningar af íbúðunum og nánari upplýsingar liggja frammi á fasteignasölunni. Byggingaraðili mun sýna húsnæðið á staðnum og veita frekari upplýsingar.

Nánari upplýsingar eru veittar á Fasteignasölu Tryggva Guðmundssonar hdl., Hafnarstræti 1, Ísafirði, sími 456 3244, fax: 456 4547, netfang: eignir@tg.is

> RÚV: 17. júlí kl. 20:15

Lygalaupurinn Jim Carrey

Kvikmyndin Liar, Liar segir frá Fletcher Reid, hraðmæltum og lygasjúkum lögfræðingi, sem lendir í talsverðum hremmingum. Sonur hans óskar sér þess á fimm ára afmælinu sínu að pabbi segi satt í heilan sólarhring. Fletcher hefur fram til þess komist langt á mælskunni en þegar ósk sonarins rætist, kemst hann að því að hreinskilnin getur komið mönnum í koll. Aðalhlutverk leikur Jim Carrey.

> Stöð 2: 17. júlí kl. 21:25

Hetjudáð og hugrekki

Fjórðar fjaðrir er stórbrotin kvikmynd og hetjudáð og hugrekki. Sömusviðið er Afríka í lok 19. aldar. Harry er foringi í breska hernum. Hann lætur af störfum stuttu fyrir mikilvæga orustu. Uppsögn hans er túlkuð sem heigulsháttur og kærasta hans og vinir færa honum hvítar fjaðrir að gjöf sem eru tákn um aumingjaskap. En þá...

> Sýn: 18. júlí kl. 10:00

Úrslitastund á Opna breska

Það er komið að lokum einnar mestu golfhátíðar ársins á Sýn en undanfarna daga hefur mátt sjá marga kylfinga leika listir sínar í beinni útsendingu. Fram undan er síðasti keppnisdagur Opna breska meistaramótsins, British Open, en mótið hófst á fimmtudaginn. Það er Ben Curtis sem freistar þess að verja titilinn en nú er keppt á Troon Roal í Ayr-skíri í Skotlandi.

Guðmundur Birgir fer hamförum á gítarnum.

Rokkurunum var heitt í hamsi

Ásgeir með fullfermi

Í síðustu viku landaði skoski togarinn Norma Mary A110 fullfermi af grálúðu í Reykjavík en skipið er gert út af dótturfélagi Samherja í Skotlandi, Onward Fishing Company. Skipið var við veiðar á Grænlandsmiðum og er aflinn grálúða. Aflaverðmæti er um 100 milljónir króna. Skipið hét áður Akureyrin og var mikið aflaskip alla tíð m.a. undir stjórn Þorsteins Vilhelmssonar en skipstjóri nú er Ásgeir Pálsson sem er sonur Guðbjargar Ásgeirsdóttur Guðbjartssonar skipstjóra á Ísafirði. Þegar skipið kom til Reykjavíkur tóku afi og amma skipstjórans þau Ásgeir Guðbjartsson og Sigríður Brynjólfsdóttir á móti skipstjóranum og áhöfn hans. „Ég hef alltaf litið upp til afa og er stoltur af því að geta glatt gamla manninn með góðri veiðiferð“, sagði Ásgeir Pálsson skipstjóri í viðtali við heimasíðu Samherja.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Starf við ræstingu

Hjá Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ er nú laus tímabundið, 100% staða starfsmanns í ræstingu. Vinnutími er frá kl. 07:30 til 15:30 alla daga. Frí er annan hvern þriðjudag, annan hvern föstudag og aðra hverja helgi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestfirðinga og stofnanasamningi HSÍ. Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Öllum umsóknum verður svarað er ráðið hefur verið í starfið.

Frekari upplýsingar gefur Guðrún Kristjánsdóttir, ræstingarstjóri í síma 450 4500.

Ráðskona

Klæðning ehf., óskar að ráða ráðskonu til starfa við vinnubúðir fyrirtækisins í Ísafjarðardjúpi.

Upplýsingar gefa Gísli í síma 852 1167 og Sunna í síma 852 1135.

Klæðning ehf.,

Næturvörður

Óskum eftir næturverði til starfa á Hótel Ísafirði. Ekki yngri en 20 ára.

Upplýsingar veitir Áslaug.

HÓTEL Ísafjörður

Sælkeri vikunnar

er Björg Hildur Daðadóttir í Bolungarvík

Úrbeinaður hryggur á grilið

Sælkeri vikunnar að þessu sinni býður upp á úrbeinaðan lambahrygg sem hún segir tilvalinn á grillið. Með hryggnum er borin rjómasveppasósa en lesendum eftirlátið að velja uppáhalds meðlætið. Í eftirrétt býður Björg Hildur upp á ís og heita súkkulaðisósu. Hún segir að sér finnist best að fara út í sjoppu og kaupa ís úr vél en eftirlætur lesendum að kaupa sína uppáhalds tegund. Að auki lætur hún fylgja með uppskriftina að uppáhalds kökunni sinni er það er kókosbolluterta.

Lambahryggur

grískt lambakrydd
pipar
¼ l rjómi
¼ l mjólk
1 stk piparostur
1 stk súputeningur
sveppir

Úrbeinið hrygg. Kryddið með grísku lambakryddi frá Pottagöldrum og pipar. Þegar byrjað er að grilla er betra að snú pörunni niður fyrst.

Brúnið sveppina. Látið piparostinn bráðna í mjólkinni og rjómanum, bætið súputening út í og því næst brúnuðu sveppina.

Ís með heitri súkkulaðisósu

200 g rjómasúkkulaði frá Nóa Síríus
2 pakkar Rolo
1 dl rjómi

Setjið hráefnið í pott og bræðið. Hellið sósunni yfir ísinn.

Kókosbolluterta

4 egg
125 g sykur
2 msk hveiti
½ tsk ger
125 g súkkulaðispænir
4 kókosbollur
3 dl rjómi
100 g suðusúkkulaði

Hrærið egg og sykur vel saman og bætið síðan hveiti og ger út í og hrærið smávegis. Bætið súkkulaðispæni út í með skeið. Setjið í tvö form með bökunarpappír og bakið við 180°C í 20 mínútur.

Kremjið 4 kókosbollur og setjið á botninn. Þeytið 3 dl af mjólk og setjið ofan á bollurnar. Setjið hinn botninn ofan á rjómann. Bræðið suðusúkkulaði og setjið u.þ.b. ½ dl af rjóma saman við (svo súkkulaðið verði ekki of hart þegar skorið er í kökuna. Hellið súkkulaðinu yfir kökuna.

Ég skora á Hrönn Sigurðardóttur mágkonu mína að vera sælkeri næstu viku.

Smáauglýsingar

Til sölu er tekk borðstofuborð, 6 leðurstólar og sjónvarpsskápur frá Tekkhúsinu. Einnig brúnn leðursófi 3 + 1 + 1. Mjög nýlegt. Uppl. í síma 861 6789 og 891 8354.

Til sölu eru 20 rúllur af heyi á góðu verði. Heylð er á Söndum í Dýrafirði. Uppl. í síma 896 8245.

Boltafélag Ísafjarðar hefur ákveðið að setja á stofn utandeild Vestfjarða í knattspyrnu árið 2004. Þátttökugjald á hvert lið er 10 þús. krónur. Spilað verður á 11 manna velli og leikirnir munu fara fram á Torfnesi. Fjöldi leikja fer eftir skráning. Nánari upplýsingar gefa Jóhann Svansson í síma 868 3106 og Óskar Hálfdánarson í símum 456 3945 og 863 3888.

Óskum eftir að kaupa hús á eyrinni á Ísafirði (ekki fjölbýli). Uppl. gefa Jón í síma 864 3845 og Erla í síma 864 6543.

Söfnuðu fyrir fjölskyldugarðinn

Þrjár ungar stúlkur í Súðavík, Tinna Rún Snorradóttir og Ingibjörg og Birna Víkingsdætur, héldu tombólu fyrir stuttu og söfnuðu 8.100 krónum sem þær gáfu til fjölskyldugarðsins í Súðavík. Á meðfylgjandi mynd tekur Vilborg Arnarsdóttir við peningunum frá Tinnu Rún.

> Stöð 2: 18. júlí kl. 21:15

Meistaraverk Stephen King

Á sjúkrahúsi, eða Stephen King´s Hospital, er hrollvekjandi myndaflokkur frá einum besta spennusagnameistara allra tíma. Hér segir frá lífinu á bandarískum spítala þar sem óútskýrðir atburðir eru nánast daglegt brauð. Spítalinn er reistur á stað þar sem eldsvoði varð löngu áður. Í brunanum létust mörg börn en getur það tengst atburðum líðandi stundar? Aðalhlutverk: Andres McCarthy.

BOLUNGARVÍK

Gengið á Kaldbak laugardaginn 17. júlí

Gangan hefst í Kirkjubólsdal kl. 10:00. Rútuferð verður frá Bolungarvík kl. 09:00. Farþegar verða teknir upp á leiðinni. Verð kr. 1.500.- og ókeypis fyrir börn. Þátttakendur geta líka farið á eigin bílum.

Þátttakendur eru beðnir að skrá sig í síma 456 7287.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

PÓSTURINN
allur pakkinn

Samstarf um rekstur málaflokka á vegum sveitarfélaganna á Vestfjörðum

Teygir sig út fyrir fjórðunginn

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa samstarf innbyrðis um rekstur málaflokka sem og við sveitarfélög á Vesturlandi og Norðurlandi vestra auk Reykjavíkurborgar. Þannig er samstarf um rekstur málaflokka farið að teygja sig út fyrir fjórðunginn að því fram kemur í samantekt Fjórðungssambands Vestfirðinga. „Þeir málaflokkar sem samstarf er um eða aðkeypt sérfræðiþjónusta eru m.a. barnaverndarmál, sérfræðiþjónusta skóla, félags- og sálfræðiþjónusta og þjónusta byggingarfulltrúa“, eins og segir í samantektinni.

Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur og Broddaneshreppur kaupa sérfræðiþjónustu fyrir grunnskóla m.a. frá Borgarbyggð og sveitarfélögin í Strandasýslu eru í samstarfi við Húnaþing vestra í barnaverndarmálum, svo dæmi séu tekin. Af innbyrðis samstarfi og viðskiptum sveitarfélaganna má nefna að Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð fá þjónustu frá Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar.

Í sunnanverðum fjórðungnum hafa Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð samstarf um byggðasafnið á Hnjóti, almannavarnir og barnaverndarmál, auk þess sem sveitarfélögin starfa saman ásamt fleiri aðilum að verkefninu Dreifmennt í V-Barðastrandarsýslu. Einnig hafa sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhreppur, samstarf um barnaverndarmál og hefur Reykhólahreppur óskað eftir aðild að því. Þá sér sorpbrennslan Funi á Ísafirði um sorpförgun í norðanverðum fjórðungnum og stefnir í að stöðin taki einnig við sorpi frá suðursvæði.

Þá hafa sveitarfélögin í Strandasýslu samstarf á vettvangi Héraðsnefndar Strandasýslu auk þess að reka sorpsamlag og standa sameiginlega að almannavörnum, eins og greint er frá í samantekt Fjórðungssambandsins.

Skemmtiferðaskipið Europa kom til Ísafjarðar í hádeginu á föstudag og lá við akkeri í Skutulsfirði fram eftir degi. Skipið er rúm 29 þúsund tonn og 400 farþegar voru um borð. Europa er annað stærsta skipið sem kemur til Ísafjarðar í sumar en von er á stærsta skipi sem komið hefur til Ísafjarðar. Það ber nafnið Prinsedam og er rúmum 10 þúsund tonnum stærra en Europa.
– thelma@bb.is

Grunnskólinn á Ísafirði

Stefnir í færri nemendur í vetur

Á liðnu skólaári voru 535 nemendur skráðir í Grunnskólann á Ísafirði en á árinu þar á undan voru þeir 558 og fækkaði því um 28. Í vor útskrifuðust 67 nemendur úr 10. bekk en 53 nemendur innritast í 1.bekk í haust.

„Hins vegar virðist vera nokkur fjölgun í öðrum árgöngum en það skýrist ekki endanlega fyrr en á haustdögum 2004“, segir í ársskýrslu GÍ. Drengir voru í meirihluta skólaárið 2003-2004 en þeir voru 281 og stúlkurnar 27 færri eða 254 talsins. Drengir voru því 52,52% nemendafjöldans en stúlkurnar 47,48%.

Nemendum var skipt niður í 28 bekki og er það sami fjöldi og árið áður. Einnig er starfrækt sérdeild við GÍ sem mætti telja sem 29. bekkinn. Miðað er við fjölda nemenda 1. október ár hvert.
– thelma@bb.is

Snjóflóðasetur Veðurstofunnar á Ísafirði

Tekur til starfa 1. september

Auglýst hefur verið eftir útibússtjóra við nýtt snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands á Ísafirði en starfsemi þess hefst þann 1. september. Samkvæmt auglýsingunni felst í starfinu m.a. umsjón ofanflóðahættumats fyrir skíðasvæði á Íslandi og þróun reglna um öryggismál við rekstur skíðasvæða í samvinnu við rekstraraðila.

Samstarf verður við erlendar stofnanir sem sinna slíkum viðfangsefnum. Til starfans er krafist háskólaprófs í náttúrufræðum og sagt er að nauðsynlegt sé að viðkomandi þekki erfiðar vetraraðstæður á Íslandi og hafi reynslu af þeim. Þórður Arason hjá Veðurstofunni segir líklegt að snjóflóðasetrið verði til húsa í Þróunarsetrinu og verið sé að ganga frá leigusamningi. *– hj@bb.is*

Ný númer
Húsasmiðjan Ísafirði hefur tekið í notkun ný númer.
Aðalnúmer 450 3300
Timbursala 450 3302
Fax verslun 450 3301
Fax timbursölu 450 3303
HÚSASMIÐJAN
Sími 450 3300 · www.husa.is

SMS LEIKUR
ÆVINTÝRALEGIR VINNINGAR
Þú kaupir rétta kippu og geymir kvittunina
sendir SMS skeyti með fjölda kippa í 1919 - t.d. becks(bil)2
og þú ert kominn í pottinn
Allar nánari upplýsingar á becks.is